



Úttekt á Reykjavík International Film Festival (RIFF)

Lokaskýrsla

Ráðgjafasvið KPMG

Desember 2024





Efni

	Samantekt	3
01	Markmið og nálgun	5
02	Um RIFF og umhverfi kvikmyndahátíða	10
03	Umfjöllun út frá matsramma	17
04	Listi yfir allar ábendingar	60
05	Gögn og heimildir	65

Samantekt

Heildarályktun úttektar um RIFF

RIFF hefur gegnt ákveðnu hlutverki í íslenskri kvikmyndamenningu sl. 20 ár. Hátíðin hefur glímt við áskoranir tengdar fjármögnun, stjórnarháttum, fjármálastjórn, samskiptum og sjálfbærni. Þrátt fyrir stuðning við íslenska kvikmyndamenningu, einkanlega við ungt kvikmyndagerðarfólk, og marga vel heppnaða viðburði í sögu hátíðarinnar er skortur á gagnsæi í rekstri, áskoranir varðandi fagmennsku og áberandi hnökrar í samskiptum. Þetta hefur dregið úr trausti styrktar- og samstarfsaðila sem og samkeppnishæfni hátíðarinnar.

Til að tryggja sjálfbæra framtíð RIFF þarf að móta markvissa stefnu til framtíðar, styrkja stjórnarhætti félagsins, bæta fjármálastjórn, gagnsæi og rekstrarfyrirkomulag. Bæta þarf umgjörð mannauðsmála. Bæta þarf markmið og lykilmælikvarða styrktarsamninga til að auðvelda markvisst eftirlit og endurgjöf. Auka þarf samstarf og bæta samskipti við innlenda og erlenda aðila í kvikmyndagreininni til að skapa almenna sátt og jákvæðni í kringum hátíðina.

Ef RIFF á að njóta opinberra styrkja er mikilvægt að hátíðin móti stefnu og langtímaáætlun í samstarfi við styrkveitendur til að tryggja stöðugleika, uppbyggingu innviða við þróun hátíðarinnar og framtíðarmarkmið hennar í samræmi við stefnu stjórnvalda.

01

Markmið og nálgun

Markmið úttektar og umfang

Menningar- og viðskiptaráðuneyti óskaði eftir því að framkvæmd yrði úttekt á starfsemi og efnahagslegum og menningarlegum ávinningi af rekstri kvikmyndahátíðarinnar Reykjavík International Film Festival (RIFF) fyrir íslenska kvikmyndagerð og kvikmyndamenningu.

Úttektin tekur til starfsemi RIFF á tímabilinu 2017-2023.

Markmið úttektarinnar eru að:

- Tryggja að samningar við RIFF séu í samræmi við markmið stefnu málefnasviðs 18 (menning, listir, íþróttir og æskulýðsmál) í málaflokki 18.3 (menningarsjóðir), sbr. fjármálaáætlun síðastliðinna sjö ára.
- Tryggja að samningar við RIFF séu í samræmi við verkefnalýsingu í erindi RIFF til fjárlaganefndar.
- Ganga úr skugga um að starfsemi RIFF sem fjármögnuð er af opinberu fé sé í samræmi við samninga og skilyrði sem þar koma fram.

Við úttektina skal horfa til:

- Beinna og óbeinna hagrænna áhrifa hátíðarinnar á kvikmyndagerð og menningu, hvernig hátíðin styrkir og styður við kvikmyndamenningu innanlands og alþjóðlega stöðu.
- Ákvæða samninga milli menningar- og viðskiptaráðuneytisins og Kvikmyndamiðstöðvar Íslands.
- Afleiddra verkefna RIFF sem hafa fengið styrki úr opinberum sjóðum t.a.m. Barnamenningarsjóði, Kvikmyndasjóði og List fyrir alla.
- Mat á árangri í samræmi við aðalmarkmið RIFF skv. samningum sem RIFF hefur gert við fyrrnefnda aðila.
- Framkvæmd samninga standist þær lagaheimildir og lagaskyldur sem tilgreindar eru í samningunum.
- Hliðsjón af reglugerð 643/2018 um undirbúning, gerð og eftirfylgni samninga um framkvæmdir, rekstur og afmörkuð verkefni <https://island.is/reglugerdir/nr/0643-2018>

Aðferðafræði

Úttektin byggir á matsramma OECD, Development Assistance Committee (DAC) Network on Development Evaluation (EvalNet) með hliðsjón af viðurkenndri alþjóðlegri aðferðafræði KPMG við áhrifamat opinberrar stefnu (e. Policy and Programs Evaluation).



1. Viðeigandi - Relevance

Hversu vel markmið og aðgerðir tengjast þörfum og forgangsroðun markhópsins og hvort þau eru í samræmi við staðbundnar aðstæður og meginmarkmið.

2. Árangur - Effectiveness

Hversu vel verkefnið eða áætlunin nær settum markmiðum, þar með talið áhrif og niðurstöður sem má rekja beint til framkvæmdarinnar.

3. Skilvirkni - Efficiency

Hvernig auðlindir eins og fjármunir og tími eru nýttar til að skila niðurstöðum, með áherslu á hagkvæmni og að ná markmiðum með minnstum tilkostnaði.

4. Áhrif - Impact

Metur bæði jákvæðar og neikvæðar langtíma breytingar sem verkefnið veldur, beint og óbeint, og skoðar víðtæk áhrif á hagaðila, kerfi eða hegðun.

5. Samræmi - Coherence

Metur hversu vel áætlun eða verkefni samræmist og er í samhengi við aðrar íhlutanir og stefnur og hvort aðgerðir styðji hvor aðra án þess að vera í mótsögn.

6. Sjálfbærni - Sustainability

Metur hvort ávinningur af verkefni haldist eftir að fjármögnun lýkur, með tilliti til fjárhags-, umhverfis-, félags- og stofnanalegrar getu til að viðhalda ávinningi.

Gögn og gagnaöflun

Við úttekt á RIFF var stuðst við fyrirliggjandi gögn en jafnframt var nýrra aflað með eigindlegum aðferðum og greiningu fyrirliggjandi gagna.

Fyrirliggjandi gögn

Viðeigandi gögnum var safnað hjá helstu samstarfsaðilum og styrkveitendum hátíðarinnar. Þ.á.m. gildandi kvikmyndastefna, upplýsingar um erindi sem borist hafa menningar- og viðskiptaráðuneytinu vegna RIFF, samningar um verkefnið, upplýsingar um framkvæmd og árangur, fjárhagsupplýsingar og fleira.

Viðtöl við hagaðila

Djúpvíðtöl veittu mikilvæga innsýn inn í starfsemi, árangur og áskoranir RIFF. Rætt var við fulltrúa helstu hagaðila RIFF, s.s. eigendur og stjórnendur, samstarfsaðila o.fl.

Samningsgreining

Margvíslegir samningar við RIFF voru rýndir til að greina hvort þeir væru í samræmi við stefnu málefnasviðs 18 og fjármögnun síðastliðinna sjö ára, eða til 2017.

Hagræn greining

Lagt var mat á bein og óbein áhrif RIFF á Íslandi sbr. lykilsurningar og matsramma OECD eftir því sem gögn úttektarinnar gáfu tilefni til.

Menningargreining

Greint var hvernig RIFF hefur styrkt kvikmyndamenningu innanlands og alþjóðlega, sbr. lykilsurningar og matsramma OECD.

Lykilspurningar gagnaöflunar

Út frá markmiðum úttektarinnar voru lykilspurningar mótaðar með hliðsjón af matsramma OECD. Tilgangur þess er að tryggja heildstæða og hlutlæga úttekt. Eftirfarandi eru lykilspurningar matsins en auk þess var stuðst við ítarspurningar til að dýpka þekkingu og gagnaöflun varðandi einstaka atriði:

Matsþáttur OECD	Lykilspurningar	Greining	
 1. Viðeigandi (e. Relevance)	Er RIFF viðeigandi í nútíma samhengi? Hversu vel samræmist starfsemi RIFF stefnu og markmiðum menningar- og viðskiptaráðuneytisins og Kvikmyndamiðstöðvar Íslands? Hversu vel samræmast samningar RIFF markmiðum og stefnu málefnasviðsins sem við á? Hversu vel stenst framkvæmd samninga þær lagaheimildir og lagaskyldur sem tilgreindar eru í samningum?		
 2. Árangur (e. Effectiveness)	Er RIFF að ná tilætluðum árangri sbr. aðalmarkmið RIFF? Hversu vel hefur hátíðin náð þeim markmiðum sem tilgreind eru í samningum?		
 3. Skilvirkni (e. Efficiency)	Hvernig er fjármunum varið? Hversu skilvirk er notkun RIFF á fjármagni sínu og hversu vel samræmist hún samningum og skilyrðum sem sett eru? Í hversu miklu samræmi eru samningar RIFF við verkefnalýsingu til fjárlaganefndar?		
 4. Áhrif (e. Impact)	Hver eru áhrif RIFF á kvikmyndagerð og menningu (orðspor, ímynd) á Íslandi og alþjóðlega stöðu? Hvaða beinu og óbeinu áhrif af starfsemi RIFF er hægt að greina á menningar- og efnahagslegum sviðum? Hver eru hagræn og menningarleg áhrif annarra verkefna RIFF, sem hafa fengið styrki úr opinberum sjóðum?		
 5. Samræmi (e. Coherence)	Hvernig fellur starfsemi RIFF að heildarstefnu, regluverki eða áætlunarramma?		
 6. Sjálfbærni (e. Sustainability)	Hversu langvarandi eru áhrif af starfi RIFF? Nær ávinningur af RIFF framyfir hátíðina sjálfa? Hvernig stuðlar RIFF að sjálfbærni í kvikmyndagerð og menningu til lengri tíma? Hversu vel samræmist starfsemi RIFF ímynd Íslands í fararbroddi í sjálfbærni?		

 Samningsgreining

 Hagræn greining

 Menningargreining

02

Um RIFF og umhverfi kvikmyndahátíða

Vöxtur og þróun kvikmyndaiðnaðar á Íslandi

Mikill vöxtur og þróun hefur verið í kvikmyndaiðnaði á Íslandi á síðustu árum. Greinin hefur þroskast sem útflutningsgrein, fagmennska fólks í kvikmyndageiranum vaxið og störf skapast hérlandis bæði í kringum framleiðslu og sýningu kvikmynda. Íslenskur kvikmyndaiðnaður horfir til framtíðar með áherslu á sjálfbærni og nýsköpun. Með áframhaldandi fjárfestingum og þróun tækni er Ísland í góðri stöðu til að vaxa á alþjóðlegum vettvangi.

Íslandsstofa starfrækir “Film in Iceland” sem sérstakt markaðsverkefni. Markmið þess eru að kynna kynna Ísland sem vænlegan tökustað, allt að 35% endurgreiðslu framleiðslukostnaðar, innviði íslenska kvikmyndaumhverfisins og að taka við fyrirspurnum erlendra framleiðanda og aðstoða þá eftir fremsta megni.

Ísland hefur laðað að verulega erlenda fjárfestingu í kvikmyndaiðnaði. Ívilnanir, náttúra og ekki síst íslensk þekking hafa leitt til milljóna evra fjárfestinga ár hvert. Einkum hefur landið orðið vinsæll tökustaður fyrir alþjóðlegar kvikmyndir og sjónvarpsþætti. Á hverju ári eru yfir 100 erlendar kvikmyndir og þáttaraðir teknar upp á Íslandi.

Kvikmyndamiðstöð Íslands hefur á síðustu 7 árum úthlutað að meðaltali 1,2 milljörðum ISK á ári til innlendra kvikmyndaverkefna, sem hefur stuðlað að aukinni framleiðslu og gæðum. Á síðustu árum hafa verið framleiddar 10-15 innlendar kvikmyndir árlega.

Ísland hefur eflt samstarf milli skapandi greina, þar sem kvikmyndagerð, tónlist og listir vinna saman að nýsköpun. Þetta hefur leitt til nýrra tækifæra fyrir íslenskt kvikmyndagerðarfólk, bæði innanlands og erlendis.

Þá hefur orðið til framboð á menntun á ólíkum sviðum kvikmynda við mismunandi menntastofnanir á Íslandi. T.d. er kvikmyndafræði til BA og MA gráðu kennd við Háskóla Íslands, kvikmyndagerð til BA náms við Listaháskóla Íslands og fjölbreyttar greinar kvikmyndaiðnaðar við Kvikmyndaskóla Íslands. Þá eru áfangar í kvikmyndafræði í boði í einstaka framhaldsskólum.

COVID-19 hafði mikil áhrif á kvikmyndaiðnaðinn á Íslandi, en framleiðendum tókst með ströngum sóttvarnaraðgerðum að halda greininni á floti. Það gerði Íslandi kleift að laða að erlenda framleiðslu á tímum þegar mörg önnur lönd lokuðu. M.a. jók faraldurinn spurn eftir streymisefni, sem leiddi til aukinnar framleiðslu á Íslandi fyrir streymisveitur á borð við Netflix.

Skattaívilnanir og aukinn stuðningur við innlenda kvikmyndagerð hafa gert Ísland að sterkum aðila í samkeppni við önnur lönd þegar kemur að kvikmyndaframleiðslu.

Dæmi um kvikmyndaverkefni

True Detective: Night Country (2023) - Stærsta kvikmyndaverkefni í sögu Íslands, með tókum víðsvegar um landið. Stórstjarnan Jodie Foster lék aðalhlutverk þáttaraðarinnar og hlaut Emmy verðlaun 2024 fyrir leik sinn.

Luther: The Fallen Sun (2022) - Netflix/BBC framleiðsla sem nýtti sér Ísland fyrir helstu tökustaði.

Eurovision Song Contest: The Story of Fire Saga (2020) - Stór hluti myndarinnar var tekinn upp á Íslandi, þar á meðal á Húsavík og við Jökulsárlón.

The Midnight Sky (2020) - George Clooney lék og leikstýrði myndinni, þar sem stór hluti var tekinn upp á íslenskum jöklum.

Game of Thrones (2011-2019) - Fjöldi atriða úr þáttunum var tekinn upp á Íslandi, þar á meðal atriði sem áttu sér stað „norðan við vegginn.“

Fast & Furious 8 (2017) - Tökur fóru fram á jöklum og í fjöllum Íslands.

The Secret Life of Walter Mitty (2013) - Þessi mynd nýtti bæði stórbrotna náttúru og menningarleg kennileiti á Íslandi.



Bakgrunnur og saga RIFF

Fyrirtækið Alþjóðleg kvikmyndahátíð í Reykjavík ehf. var stofnað árið 2004 af áhugafólki um kvikmyndagerð. Tilgangur þess er að kynna alþjóðlega kvikmyndagerð á Íslandi. Fyrsta kvikmyndahátíðin, *Reykjavík International Film Festival (RIFF)* var haldin í september 2004 og hefur síðan þá verið árlegur viðburður í Reykjavík.

Aðalmarkmið hátíðarinnar er að kynna bæði íslenska og erlenda kvikmyndagerð, með sérstakri áherslu á nýtt og framúrskarandi kvikmyndagerðarfólk. Upprunalegur tilgangur fyrirtækisins hefur þó alla tíð verið kjarninn í starfseminni, þ.e. að veita áhorfendum á Íslandi tækifæri til að sjá fjölbreyttar, alþjóðlegar kvikmyndir sem ekki væru sýndar í almennum kvikmyndahúsum. Segja má að RIFF hafi skapað sterkar tengingar við alþjóðlega kvikmyndagerð og sé vettvangur fyrir alþjóðlega gesti, fagfólk í kvikmyndum og áhugasama, að upplifa íslenska menningu.

RIFF er talin ein af helstu kvikmyndahátíðum á Norðurlöndunum og hefur laðað að sér þekkt kvikmyndagerðarfólk og gagnrýnendur. Meðal merkilegra viðburða í sögu hátíðarinnar má nefna komu Miloš Forman sem heiðurgests á hátíðina og sérstaka viðburði eins og "Swim-In Cinema" og "Cave Cinema" sem hafa orðið vinsælir meðal hátíðargesta. Þá hefur fjöldi þekkts kvikmyndagerðarfólks komið til að taka þátt í hátíðinni og myndir á heimsmælikvarða verið sýndar á vegum hennar.



RIFF hefur einnig lagt áherslu á þátttöku ungs fólks í kvikmyndagerð með verkefnum eins og "Minus 25" sem er ætlað kvikmyndagerðarfólki undir 25 ára aldri og ekki má gleyma hliðarverkefninu UngRIFF sem hefur starfað síðustu ár.

Um 25.000 áhorfendur taka að jafnaði þátt í RIFF á hverju ári, sem gerir hátíðina þá stærstu sinnar tegundar á Íslandi. Áhorfendatölur eru þó á reiki og erfiðleikum bundið að leggja óbyggjandi mat á fjöldann.

Golden Puffin verðlaunin eru veitt árlega fyrir bestu kvikmyndina á hátíðinni og hafa verðlaunin orðið eftirsótt meðal alþjóðlegs kvikmyndagerðarfólks.

Þó ekki sé hægt að færa bein rök fyrir hlutdeild RIFF í vexti kvikmyndaiðnaðar á Íslandi má fullyrða að RIFF sé hluti hagkerfis í vaxandi iðnaði, aukinni framleiðslu og virkri starfssemi.

Fjárhagur og stjórnhættir

Alþjóðleg kvikmyndahátíð í Reykjavík ehf. er eigandi og framkvæmdaraðili RIFF. Stofnandi þess og stjórnandi er Hrönn Marinósdóttir.

Félagið hefur skilgreint sig sem örfélag skv. skilgreiningu skattsins og skilað einföldum ósundurliðuðum ársreikningi frá skattframtali frá 2020 (Hnappurinn).

Örfélag er skv. ofangreindri skilgreiningu það félag sem við uppgjörsdag fer ekki fram úr tveimur af þremur eftirfarandi stærðarmörkum:

- **Hámarksupphæð heildareigna: 20mkr.**
Hefur hjá RIFF verið hæst 19,5mkr árið 2023
- **Hámarksupphæð hreinnar veltu: 40 mkr.**
Hámarksvelta RIFF hefur verið á bilinu 50-101mkr sl. 7 ár
- **Meðalfjöldi ársverka á reikningsári: 3 starfsmenn**
Upplýsingar liggja ekki fyrir skv. ársreikningum

Í ársreikningi segir: „Tilgangur félagsins er að gefa almenningi kost á auknu kvikmyndaúrvali með því að útvega og sýna listrænar kvikmyndir hvaðanæva að úr heiminum. Tilgangur félagsins er ekki sá að ofangreind starfsemi skili hagnaði. Ef félagið hættir starfsemi verður eignum þess komið til aðila sem hefur þetta sama markmið.“

Ársreikningar eru sundurliðaðir 2017-2019 með greinargóðum upplýsingum. Síðari reikningar eru samandregnir og ósundurliðaðir og því hvorki hægt að sjá skiptingu tekna né kostnaðar. Nánar er fjallað um ársreikning félagsins í kafla 3.3. Skilvirkni.

Félagið hefur ekki tilkynnt um breytingar á stjórn síðan 2006. Skráðir stjórnarmenn eru Hrönn Marinósdóttir og Ólafur Sörli Kristmundsson til vara. skv. fyrirtækjaskrá. [REDACTED]

Ársreikningar í fyrirtækjaskrá bera ekki undirritun stjórnar.

Skv. fyrirtækjaskrá fer Hrönn Marinósdóttir með 75,2% hlut í félaginu, en skv. CreditInfo er hún 100% raunverulegur eigandi.

Rekstrarform ýmissa kvikmyndahátíða

Vert er að skoða hvort RIFF gæti nýtt sér sjálfseignarstofnunarfyrirkomulag til að styrkja rekstrarform og efla möguleika sína á að fá fjölbreyttari stuðning, til lengri tíma og bæði frá einkaaðilum og hinu opinbera. Tiltekið er í ársreikningi rekstrarfélagsins 2023 að tilgangur félagsins sé ekki að skila hagnaði og mætti því færa rök fyrir að sjálfseignarformið væri kjörið.

Skoða mætti hvort fjármögnun slíkrar sjálfseignarstofnunar fæli í sér að kaupa vörumerki og viðskiptavild RIFF og semja við aðstandendur um framkvæmd hátíða til einhvers tíma.

Óhætt er að fullyrða að margar af helstu kvikmyndahátíðir heims eru reknar af sjálfseignarstofnunum. Þetta á við um hátíðir eins og TIFF (Toronto International Film Festival), Cannes, og Berlinale, sem allar starfa sem sjálfseignarstofnanir með það að markmiði að efla kvikmyndamenningu og styðja við nýja kvikmyndagerð.

Slíkt rekstrarfyrirkomulag gerir þeim kleift að starfa óháð viðskiptalegum þrýstingi og einblína á menningarleg og listræn markmið. Ýmsum þáttum framkvæmda einstakra hátíða er svo útvistað til verktaka eftir atvikum.

Sjálfseignarstofnanir fá oft blandaðan fjárhagslegan stuðning frá opinberum stofnunum, einkafyrirtækjum og styrktaraðilum, sem tryggir stöðugleika í rekstri. Þetta fyrirkomulag hefur sýnt sig að vera áhrifaríkt fyrir hátíðir sem leggja áherslu á menningarlega fjölbreytni og efnahagslegan ávinning fyrir viðkomandi svæði.

Samkvæmt upplýsingum frá European Audiovisual Observatory eru kvikmyndahátíðir mikilvægur vettvangur til að stuðla að menningarlegri fjölbreytni og þær hafa einnig veruleg efnahagsleg áhrif.

Í úttektinni var litið til nokkurra kvikmyndahátíða á Norðurlöndum. Einungis voru opinber gögn og upplýsingar skoðuð. Þó þær hátíðir sem skoðaðar voru væru flestar reknar af sjálfseignastofnunum, kann það að vera tilviljun og ekki nauðsynlega algengasta rekstrarform.

Dæmi um sambærilegar kvikmyndahátíðir við RIFF á Norðurlöndum eru m.a.:

- **Göteborg Film Festival (Svíþjóð ~200.000 gestir):** Er rekin af sjálfseignarstofnun (non-profit organization). Hátíðin fær stuðning frá bæði einkaaðilum og opinberum aðilum, þar á meðal sænskum menningarsjóðum.
- **Copenhagen International Documentary Film Festival (Danmörk ~125.000 gestir):** Er einnig rekin af sjálfseignarstofnun. Hún fær fjárhagslegan stuðning frá opinberum stofnunum, einkaaðilum og styrktaraðilum.
- **Oslo/Fusion International Film Festival (Noregur ~20.000 gestir):** Er rekin af sjálfseignarstofnun og nýtur stuðnings frá bæði opinberum og einkaaðilum.
- **Midnight Sun Film Festival (Finnland ~20.000 gestir):** Er rekin af sjálfseignarstofnun sem var stofnuð af finnska kvikmyndaleikstjóranum Aki Kaurismäki og bróður hans Mika Kaurismäki, með stuðningi frá bæði opinberum og einkaaðilum.

Samantekt á styrkveitingum kvikmyndahátíða

Creative Europe – Media Programme (ESB)

Evrópusambandið, í gegnum **Creative Europe**, styður kvikmyndahátíðir og menningartengd verkefni með Media Programme.

Til að hljóta styrk þurfa hátíðir að uppfylla skilyrði þ.á.m.:

- Stuðning við menningarlega fjölbreytni og sýningu kvikmynda frá ólíkum menningarheimum ESB.
- Tryggt aðgengi fyrir almenning, sérstaklega ungt fólk og jaðarhópa.
- Alþjóðlega þátttöku með kynningu evrópskra kvikmynda og samvinnu kvikmyndagerðarmanna.
- Umhverfislega sjálfbærni og nýtingu tækninýjunga, sérstaklega stafrænnar miðlunar.
- Ábyrga rekstrarhætti.

UNESCO - Convention on the Protection and Promotion of the Diversity of Cultural Expressions

UNESCO hefur einnig viðmið um menningarlegan stuðning, þar sem kvikmyndahátíðir geta hlotið opinbera styrki ef þær uppfylla eftirfarandi skilyrði:

- **Menningarleg fjölbreytni:** Hátíðir þurfa að leggja áherslu á að kynna ólík menningarleg tjáningarform og styðja við listamenn frá þróunarlöndum.
- **Menningartengdir styrkir:** Hátíðir sem stuðla að aukinni þátttöku almennings og menningarlega viðurkenningu innan samfélaga fá jákvæða athygli.

Eurimages (Evrópsk kvikmyndastofnun)

Eurimages, evrópsk kvikmyndastofnun, sem er hluti af Evrópuráðinu, styrkir einnig kvikmyndahátíðir sem uppfylla ákveðin skilyrði:

- **Alþjóðleg tengsl:** Hátíðir sem styðja við evrópskar kvikmyndir, sérstaklega listrænar kvikmyndir sem eiga erfitt uppdráttar á markaði, eru styrktar.
- **Ábyrgir rekstrarhættir:** Hátíðir þurfa að sýna fram á gegnsæi og áreiðanleika í rekstri og fjármálastjórn.

National & Regional Guidelines

Auk alþjóðlegra viðmiða, eru oft sérstök svæðisbundin og þjóðleg viðmið um styrkveitingar. Til dæmis hafa margir evrópskir ríkis- og menningarsjóðir kröfur um:

- **Menningarlega þátttöku og samfélagsáhrif:** Hátíðir sem hafa jákvæð áhrif á menningarlífið innanlands eða í ákveðnum samfélögum fá styrki.
- **Stöðugleika og fagmennsku:** Fjárhagslegur stöðugleiki, fagmennska í framkvæmd og góð stjórnunarhæfni er skilyrði fyrir langtímastyrkjum.


Film Festivals as Cultural and Economic Tools

Efnahagsleg áhrif: Í auknum mæli hafa styrkveitendur áhuga á efnahagslegum áhrifum hátíða á heimabæinn eða landið.

Hátíðir þurfa gjarnan að sýna fram á hvernig þær hafa jákvæð áhrif á ferðaþjónustu, atvinnusköpun og **alþjóðlegt orðspor landsins** eða svæðisins.

03

Umfjöllun út frá matsramma



03-01

Viðeigandi

Lykilspurningar matspáttar:

- Er RIFF viðeigandi í nútíma samhengi?
- Hversu vel samræmist starfsemi RIFF stefnu og markmiðum menningar- og viðskiptaráðuneytisins og Kvikmyndamiðstöðvar Íslands?
- Hversu vel samræmast samningar RIFF markmiðum og stefnu málefnasviðsins sem við á?

Um markmið og tilgang RIFF

Frá upphafi hefur markmið RIFF verið að kynna alþjóðlega kvikmyndagerð á Íslandi. Megintilgangur hátíðarinnar er þannig að veita kvikmyndaáhugafólki og fagfólki í kvikmyndum tækifæri til að sjá alþjóðlegar kvikmyndir sem ella væru ekki sýndar í kvikmyndahúsum hérlandis.

Gögn um markmiðasetningu og stefnumótun RIFF eru ekki sjáanleg á heimasíðu eða í markaðsefni hátíðarinnar. Í styrkumsóknum og samtölum er vísað til upphaflegs markmiðs hátíðarinnar en ljóst er að fjölmargar aðrar áherslur hafa snert skipulag hátíðarinnar á hverjum tíma, hliðarverkefni og áhersluatriði komið og farið frá einu ári til annars.

Kvikmyndahátíðir gegna mikilvægu hlutverki í að byggja upp og styrkja ímynd hýsingarsvæða. Rannsóknir á hátíðum eins og Cannes og Toronto International Film Festival (TIFF) sýna að þessir viðburðir stuðla að aukinni vitund um borgirnar og samfélög þeirra á alþjóðavettvangi, sem styður við aukna ferðaþjónustu og fjárfestingar. Þetta á einnig við um RIFF í samræmi við markmið Íslands um að auka menningarlegan og efnahagslegan sýnileika landsins. Orðspor Íslands er í húfi hvort heldur sem hátíðinni vegnar vel eða ekki, m.a. vegna fjölmiðlaumfjöllunar og kynningar á íslenskri kvikmyndagerð.

Hins vegar hefur landslag kvikmynda breyst og því má setja spurningamerki við hvort hátíðin teljist viðeigandi í nútímasamfélagi út frá tveimur sjónarhornum. Annars vegar vegna þess hve Ísland er talið einangrað faglega og hins vegar vegna landfræðilegrar legu landsins. Með faglegru einangrun er átt við að það séu mörg glötuð tækifæri í tengslamyndun og verkefnasköpun sem vísbendingar eru um að hátíðinni hafi mistekst að næra. Landfræðilega séð er erfitt að fá erlenda gesti til koma oftar en einu sinni; erfiðara en á sambærilegar hátíðir t.d. á meginlandi Evrópu.

Ábending 1

Móta skyldi framtíðarsýn og skýra stefnu RIFF til lengri tíma. Með því er upplýst hvert hátíðin stefnir og hvernig leiðin skuli vörðuð. Skilgreina þarf tilgang, markmið, aðgerðir, markhóp og mælikvarða árangurs til að hafið sé yfir vafa hvaða árangri hátíðin nær. Þó RIFF sé minni að umfangi er margt sem nýta mætti í smækkaðri mynd úr starfsramma TIFF (sjá aftar í skýrslunni) sem um margt er til fyrirmyndar hvað varðar stefnumótun.

Kvikmyndahátíðir í breyttu umhverfi

Streymisveitur hafa breytt umhverfi kvikmyndahátíða. Nú hefur almenningur sem áhuga hefur á kvikmyndum aðgengi að fjölbreyttu úrvali kvikmynda gegnum streymisveitur. Því er hvatinn til að sækja kvikmyndahátíðir ekki sá sami og fyrir 20 árum þegar kvikmyndahátíðir höfðu þann kost að sýna kvikmyndir sem annars var ekki mögulegt að sjá.

Þessi þróun hefur gert það að verkum að hefðbundnar kvikmyndahátíðir, eins og RIFF, þurfa að finna nýjar leiðir til að vera samkeppnishæfar og laða að áhorfendur. Þær leggja meiri áherslu á einstaka upplifun og tengslamyndun, sem ekki er möguleg í gegnum stafræna miðla. RIFF hefur brugðist við þessu með að brydda upp á óhefðbundnum kvikmyndasýningum, s.s. í sundlaugum og hellum.

Ábending 2

Tækifæri eru fyrir alla hlutaðeigendur að tryggja gæði hátíðarinnar með því að tengja markmið og framkvæmd við alþjóðleg viðmið um kvikmyndahátíðir.

Skoða mætti hvaða tækifæri felast í því að tengja hátíðina við alþjóðleg viðmið varðandi styrkveitingar til kvikmyndahátíða.

Væntingar og þarfir styrkveitenda

Þeir samningar sem í gildi eru milli menningar- og viðskiptaráðuneytis og RIFF eru í samræmi við framtíðarsýn málefnasviðsins sem við á, þar sem lögð er áhersla á að allir landsmenn skuli geta aukið lífsgæði sín með þátttöku í öfluggu og fjölbreyttu starfi á þeim sviðum sem undir viðeigandi málefnasvið eiga. Önnur meginmarkmið málefnasviðsins eiga síður við.

Þegar RIFF er borin saman við aðrar alþjóðlegar hátíðir hvað varðar gegnsæi í rekstri og ábyrga fjármálastjórn er ljóst að RIFF stendur þeim að baki.

Erfitt er að fullyrða að RIFF uppfylli ekki væntingar styrkveitenda út frá samningskröfum. Fjármagn fæst ekki nema með skriflegum gögnum og undir þeim formerkjum að hátíðin standi skil á skýrslum. Eins og fram hefur komið eru skilyrði styrkveitenda veik og væntingar og þarfir fjölmargra styrktaraðila RIFF eru ólíkar. Tilgangur styrkveitinga er almennt ekki nægilega skýr og árangursviðmið óskilgreind.

Ábendingar hafa borist um að betra samstarf stærstu styrktaraðila sé nauðsynlegt til að ná heildarsýn á allar styrkveitingar helstu aðila og markmið þeirra. Þá telst vörumerki RIFF sterkt og viðurkennt alþjóðlega og sem slíkt er það öflugt til kynningar erlendis og því fengur í þeim aðilum sem styðja við RIFF að standa vel að verki.

Ábending 3

Mikilvægt er að setja skýrari viðmið og skilyrði í framtíðarsamninga um styrkveitingar. Leggja skal áherslu á gagnsæi og fagmennsku í rekstri, til að tryggja ábyrga ráðstöfun opinbers styrkfés.

Ábending 4

Viðmið styrkveitinga má tengja við alþjóðleg viðmið kvikmyndahátíða. Með því má skerpa á árangursviðmiðum, kröfur um ytri gæði og umgjörð o.fl. og stuðla að því að RIFF geti áfram haldið að njóta stuðnings opinberra aðila á ábyrgan hátt.

Gæði kvikmyndahátíða

Eins og áður hefur komið fram er RIFF stærsta kvikmyndahátíðin sem haldin er á Íslandi. Vörumerkið er sterkt og hefur skapað sér þekktu stöðu á alþjóðlegum vettvangi, einkum á Norðurlöndum. Óhætt er að segja að heiti hátíðarinnar gefi henni mikið vægi í menningarlífi borgarinnar og markaðssetning hennar tekur mið af því.

Þess vegna eru gerðar ríkar kröfur til hátíðarinnar og henni stillt upp í samanburði við nafntogaðar hátíðir erlendis. Sem alþjóðleg kvikmyndahátíð sem tekur nafn sitt af höfuðborg lands er þess vænst að gæði hátíðarinnar séu í alla staði til jafns við það sem gerist best.

Gögn úttektarinnar benda til þess að upplifun kvikmyndasamfélagsins sé sú að RIFF standi undir þessum væntingum. Fjöl margar athugasemdir eru gerðar við hvernig listgreininni eru gerð skil á hátíðinni, t.d. þá aðstöðu sem myndir eru sýndar í og fagmennsku þeirra sem starfa á hátíðinni.

Þá hafa gæði kvikmyndasýningartækja, hljóðkerfis og annarra tæknilegra innviða ekki alltaf verið eins og sjálfsagt er að gera kröfu um. RIFF stendur ekki undir því að vera kvikmyndahátíð sem býður áhorfendum að kynnast listgreininni eins og er við hæfi, sérstaklega ef hátíðin er borin saman við annars konar listviðburði og þær kröfur sem gerðar eru til þeirra.

Ábending 5

Auka þarf fagmennsku RIFF gagnvart sýningarhaldi. Gera skyldi listgreininni álíka hátt undir höfði og öðrum listgreinum, með sýningum sem unnar eru af fagmennsku, við bestu mögulegu aðstæður.

Fagmennska og mannauður

Margar ábendingar eru gerðar um skort á fagmennsku þeirra sem standa að sýningunum, þ.e. sýningarstjórn, hljóðstjórn o.fl. Við RIFF starfar á hverju ári fjöldi starfsnema og sjálfboðaliða, auk fastráðins starfsfólks hátíðarinnar.

Mikil velta einkennir þennan mannauð. Á hverju ári er nýr hópur starfsfólks í megninu af störfum hátíðarinnar og vöntun á reynslu af fagsviðinu er áberandi. Skortur er á þjálfun, stuðningi og handleiðslu til þeirra sem standa að sýningunum og rammi um nám starfsnema er óljós. Engin af þeim íslensku menntastofnunum sem sinnir menntun í kvikmyndagreinum er með formlegan samstarfssamning við RIFF um aðkomu að menntun starfsnema.

Hátíðin standi því ekki undir þeim miklu væntingum sem til hennar eru gerðar sem alþjóðleg kvikmyndahátíð í höfuðborg lands.

Þá má álykta að hátíðin þyki vera of stór og viðamikil. Með því er hún í samkeppni við sig sjálfa þegar gestir standa frammi fyrir vali fjölda sýninga á sama tíma. Þeir áhorfendur sem koma til að fylgjast með hátíðinni ná ekki að njóta nema brots af því sem í boði er og dreifast á fjölda viðburða, sem hver um sig er þá fámennari en ella. Draga má þá ályktun að hátíðin hafi að einhverju leyti misst fókus og leiti of víða fanga til að vera sannfærandi.

Ábending 6

Samstarf við fagfélög, menntastofnanir og þau sem starfa að kvikmyndum á Íslandi er nauðsynlegt til að byggja upp þekkingu og fagmennsku sem nýtist ekki aðeins RIFF heldur öðrum aðilum kvikmyndageirans á Íslandi.

Ábending 7

Tímabært er fyrir RIFF að rýna þann fókus sem hátíðin hefur e.t.v. misst. Markviss stefnumótun getur hjálpað við að stilla kúrsinn.

Gæðaviðmið

Á vef Kvikmyndamiðstöðvar Íslands er vísað til alþjóðlegra samtaka kvikmyndaframleiðenda (International Federation of Film Producers Association, FIAPF) en KMÍ styðst við flokkun samtakanna á kvikmyndahátíðum um heim allan þegar tekin er ákvörðun um að rækta tengsl í þágu kvikmyndaíðaðarins.

FIAPF flokkar kvikmyndahátíðir í fjóra flokka eftir gæðum, sjá hér til hliðar, en hátíðirnar, sem flokkaðar eru, hafa farið í gegnum umsóknarferli samtakanna.

Í hópi þeirra kvikmyndahátíða sem flokkaðar eru með þessum hætti af FIAPF eru helstu kvikmyndahátíðir heims. Staðfesting samtakanna tryggir þeim bestu mögulegu kynningu og sýnileika eftir því sem fram kemur á síðu samtakanna.

Hátíðir geta sótt um flokkun FIAPF til samtakanna. Gerðar eru ítarlegar kröfur til hátíða sem komast á lista FIAPF en til að hefja samtal við samtökin um mögulegt umsóknarferli þurfa hátíðir að uppfylla eftirfarandi:

- Alþjóðlegt fagráð stendur að vali kvikmynda á hátíðina
- Hátíðin fer fram árlega eða annað hvert ár á fyrirfram tilteknum stað
- Hátíðin skal studd fagaðilum kvikmyndageirans á hverjum stað
- Hátíðin óskar eftir að verða viðurkenndur samstarfsaðili í samtökum kvikmyndaframleiðenda.

Engin íslensk hátíð er enn sem komið er flokkuð af FIAPF.



Competitive Feature Film Festivals

Almennar kvikmyndahátíðir þar sem keppt er um verðlaun. Í þessum flokki er m.a. Kvikmyndahátíðin í Cannes og Kvikmyndahátíðin í Feneyjum.



Competitive Specialised Feature Film Festivals

Kvikmyndahátíðir sem einbeita sér að ákveðnum þemum og þar sem keppt er til verðlauna. T.d. Torino Film Festival og Sydney Film Festival.



Non-competitive Feature Film Festivals

Kvikmyndahátíðir sem sýna fjölbreytt úrval kvikmynda og þar sem ekki er keppt um verðlaun. Tvær hátíðir eru í þessum flokki, TIFF og Viennale Int. Film Festival.



Documentary and Short Film Festivals

Kvikmyndahátíðir þar sem eingöngu eru sýndar heimildar- og/eða stuttmyndir. Dæmi um hátíðir eru Tampere Film Festival og Krakow International Film Festival.

TIFF - Toronto International Film Festival*

TIFF er ein stærsta og áhrifamesta kvikmyndahátíð í heiminum. Hátíðin er ekki aðeins vettvangur fyrir kvikmyndasýningar heldur einnig fyrir kvikmyndagerðarfólk, fjárfesta og aðra í kvikmyndaíðnaðinum að tengjast og vinna saman.

TIFF er lykilvettvangur fyrir frumflutning nýrra kvikmynda og hefur gegnt mikilvægu hlutverki í því að koma fjölda kvikmynda á framfæri sem síðar urðu alþjóðlegar velgengnismyndir.

Hátíðin hefur umtalsverð efnahagsleg áhrif á Toronto. Hún skapar árlega tugi milljóna kanadískra dollara í tekjur, sem nýtast til að styðja við hátíðina, kvikmyndasafn TIFF, og aðrar kvikmyndatengdar menningarstarfsemi.

Tekjur hátíðarinnar eru bæði af gegnum miðasölu, gegnum styrki, samstarfsaðila og einkafjármögnun. Stefnumótun frá 2022-2024 sýnir áherslu á fjölbreyttari tekjustofna, þ.m.t. aukningu á tekjum frá streymis- og stafrænum miðlum. Stór hluti af útgjöldum TIFF fer í rekstur hátíðarinnar sjálfrar, auk markaðssetningar, kvikmyndakaupa, og rekstur á TIFF Bell Lightbox, miðstöð kvikmyndatengdra viðburða allt árið.

TIFF hefur lagt mikla áherslu á að tryggja fjárhagslega sjálfbærni sína með fjölbreyttum tekjustofnum og með því að nýta nýjar tæknilausnir til að ná til breiðari markhóps.

TIFF 2022 - 2024 Strategic Plan



Starfssemi og framsetning TIFF er um margt til fyrirmyndar og gjarnan horft til hátíðarinnar sem slíkrar. Þó RIFF sé minni að umfangi er margt sem nýta mætti í smækkaðri mynd úr starfsramma TIFF.

Stefnumótun TIFF er til þriggja ára í senn. Þar eru tilgangur, kjarnastarfssemi, gildi, markmið og undirstöður hátíðarinnar skýrt mörkuð.

* Kvikmyndahátíðin í Tromsø nefnist einnig TIFF og er í samstarfi við RIFF, en ekki er átt við hana hér.

Viðeigandi: Samantekt á lykilspurningum matspáttar

Er RIFF viðeigandi í nútíma samhengi?

- RIFF hefur verið mikilvægur þáttur í íslenskri kvikmyndagerð frá því hátíðin hófst árið 2004. Á 20 árum hefur hátíðin laðað að sér fjölmarga alþjóðlega kvikmyndagerðarmenn og gagnrýnendur og veitt íslenskum áhorfendum tækifæri til að sjá fjölbreyttar og skapandi kvikmyndir, sem annars gætu hafa verið óaðgengilegar á Íslandi.
- RIFF hefur verið ungu kvikmyndagerðarfólki mikilvægur vettvangur til að stíga sín fyrstu spor á alþjóðlegum vettvangi kvikmynda. Þar hefur skapandi kvikmyndagerðarfólk fengið tækifæri til að kynna verk sín, mynda tengsl við þekkta leikstjóra og alþjóðlegt kvikmyndagerðarfólk, gagnrýnendur og áhorfendur.
- RIFF hefur verið vettvangur fyrir menningarlega samræðu um kvikmyndir og án efa skapað dýpri tengsl áhorfenda við kvikmyndalistina.

- Landslag kvikmyndaiðnaðarins hefur breyst verulega síðustu ár með tilkomu streymisveitna sem veita fólki auðveldan og hraðan aðgang að alþjóðlegum kvikmyndum og sjónvarpsseríum. Þessi þróun hefur gert það að verkum að hefðbundnar kvikmyndahátíðir, eins og RIFF, hafa bryddað upp á nýjungum í sýningum kvikmynda og þannig boðið upp á fjölbreytta kvikmyndaupplifun fyrir gesti.

Hversu vel samræmast samningar RIFF markmiðum og stefnu málefnasviðsins sem við á?

- Samningar RIFF við opinbera styrktaraðila hafa hingað til lagt áherslu á menningarlegan sýnileika og stuðning við kvikmyndagerð, en úttektin bendir á að skilyrðin innan samninganna mættu vera skýrari.

- Þrátt fyrir að RIFF hafi að mestu uppfyllt menningarleg markmið, hefur skort nákvæm viðmið um rekstrarhætti og gagnsæi í samningum við styrktaraðila leitt til áskorana við eftirfylgni og eftirlit.
- Þá hefur einnig komið í ljós að upplýsingagjöf til sumra opinberra aðila, sérstaklega Kvikmyndamiðstöðvar Íslands, hefur ekki alltaf verið fullnægjandi eða í samræmi við þau skilyrði sem sett voru fram í samningum.
- Þessir vankantar draga úr getu styrktaraðila til að meta raunverulegan árangur og ábyrgð RIFF í heild sinni, sem gæti haft áhrif á áframhaldandi stuðning ef ekki er gripið til umbóta.

Viðeigandi: Samantekt á lykilspurningum matspáttar

Hversu vel samræmist starfsemi RIFF stefnu og markmiðum menningar- og viðskiptaráðuneytisins og Kvikmyndamiðstöðvar Íslands?

- Menningarstefna leggur áherslu á að efla fjölbreytileika, skapandi tjáningu, og auka sýnileika íslenskrar kvikmyndagerðar á bæði innlendum og alþjóðlegum vettvangi. Starfsemi RIFF hefur samræmt þessum markmiðum með því að bjóða vettvang fyrir bæði innlenda og erlenda kvikmyndagerðarmenn til að sýna verk sín, mynda tengsl, og skapa samtal milli kvikmyndagerðarfólks og áhorfenda.
- RIFF hefur lagt mikla áherslu á að kynna fjölbreytt úrval kvikmynda frá ólíkum menningarheimum, sem fellur vel að markmiðum menningar- og viðskiptaráðuneytisins um að efla

menningarlega fjölbreytni á Íslandi. Hátíðin hefur sýnt kvikmyndir sem annars væru ekki aðgengilegar á Íslandi, þar með talið kvikmyndir frá þróunarlöndum og jaðarhópum, sem eykur menningarlegan fjölbreytileika.


- RIFF býður upp á vettvang fyrir nýsköpun og tilraunakennda kvikmyndagerð, sérstaklega fyrir ungt og upprennandi kvikmyndagerðarfólk. Viðtöl benda til þess að RIFF sé mikilvægur vettvangur fyrir unga leikstjóra og nýútskrifaða nemendur í kvikmyndagerð til að kynna verk sín og mynda mikilvægar tengingar við innlenda og erlenda framleiðendur, sem að einhverju leyti styrkir framþróun í skapandi greinum. Gera má betur til að RIFF samræmist markmiðum Kvikmyndamiðstöðvar Íslands um að

styðja við vöxt og þroska kvikmyndagerðar hérlandis þar sem tilfinnanlega skortir skýra tengingu hátíðarinnar við námsbrautir, menntastofnanir og fagfélög.

- Hátíðin hefur einnig stuðlað að auknum sýnileika íslenskrar kvikmyndagerðar á alþjóðavísu með því að laða til sín erlenda kvikmyndagesti, gagnrýnendur og fjölmiðla. Viðtöl við hagaðila benda til þess að fjölmiðlaumfjöllun erlendis hafi haft jákvæð áhrif á orðspor Íslands sem skapandi kvikmyndalands, sérstaklega í Evrópu. Þetta hefur aukið vægi RIFF sem vettvangs fyrir alþjóðlega kvikmyndagerð og kynnt íslenska kvikmyndagerð fyrir nýjum markaðssvæðum.

Viðeigandi: Samantekt á lykilspurningum matspáttar

- Hins vegar hefur úttektin bent á veikleika, sérstaklega tengda fagmennsku, tæknilegum vandamálum við sýningar og aðstöðuleys [REDACTED]
- Þrátt fyrir jákvæða þætti hátíðarinnar, glímir RIFF við ýmsar áskoranir í framkvæmd hátíðarinnar, sérstaklega hvað varðar fagmennsku og gagnsæi í rekstri. Samkvæmt styrkveitendum og öðrum hagaðilum er erfitt að meta hvort RIFF hafi uppfyllt skilyrði varðandi fjárhagslega ábyrgð og gagnsæi. Þetta dregur úr möguleikum hátíðarinnar til að uppfylla langvarandi markmið í stefnu yfirvalda og þannig treysta stuðning þeirra til framtíðar.
- Hátíðina skortir langtímasýn og markvissa stefnumótun. Enn í dag er vísað til upphaflegs tilgangs RIFF, þ.e. að gefa áhorfendum tækifæri til að njóta alþjóðlegra kvikmynda sem ella hefðu ekki borist til Íslands til sýninga, en ekki er ljóst hvaða tilgangi breytingar á áherslum, margvísleg hliðarverkefni og viðburðir þjóna þar sem stefna hátíðarinnar liggur ekki fyrir.



03-02

Árangur

Lykilspurningar matspáttar:

- Er RIFF að ná tilætluðum árangri sbr. aðalmarkmið RIFF?
- Hversu vel hefur hátíðin náð þeim markmiðum sem tilgreind eru í samningum?

Árangur og markmið RIFF

Skv. upplýsingum um hátíðina á heimasíðu RIFF má draga þá ályktun að markmið hátíðarinnar séu eftirfarandi:

- 1. Sýna fjölbreyttar kvikmyndir frá öllum heimshornum, þar á meðal verk sem annars kæmu ekki fyrir augu íslenskra áhorfenda.**
- 2. Skapa vettvang fyrir tengslamyndun milli kvikmyndagerðarfólks, gagnrýnenda og almennings.**
- 3. Auka sýnileika íslenskrar kvikmyndagerðar á alþjóðavettvangi.**

Á hverju ári hefur úrval alþjóðlegra kvikmynda verið mikið á hátíðinni og fjölbreytt flóra stuttmynda, heimildarmynda og annars konar viðburða staðið áhorfendum til boða að taka þátt í. Fullyrða má að RIFF hafi náð góðum árangri í að miðla alþjóðlegum kvikmyndum til áhorfenda á Íslandi. RIFF hefur staðið sig vel í að kynna óhefðbundnar kvikmyndir frá þróunarlöndum og jaðarhópum, sem stuðlar að menningarlegri fjölbreytni. Þetta hefur skilað sér í betri tengslum við alþjóðlega kvikmyndagerð.

RIFF hefur dregið að listræna stjórnendur og kvikmyndagerðarfólk og þá sérstaklega erlendis frá. Bæði hefur verið um að ræða þekkt alþjóðleg nöfn í bransanum og erlenda gesti og leikstjóra sem eru að stíga sín fyrstu skref og eiga eftir að vaxa og dafna í kvikmyndaheiminum.

Algengt virðist að erlendir aðilar komi helst til að sjá Ísland samhliða því að hitta fólk í bransanum. Ljóst er að markaðssetning Íslands sem áhugaverður áfangastaður ferðamanna hefur komið RIFF til góða og landið er jafnvinsælt meðal boðsgesta hátíðarinnar og annarra ferðamanna sem sækja landið heim. Þessum ávinningi fylgir hins vegar sá ókostur að flestir erlendra boðsgesta hátíðarinnar koma aðeins einu sinni til landsins, og þá flestir í fyrsta sinn. Hversu rík tengsl gestirnir mynda við kvikmyndagerðarfólk hérlendis er erfitt að segja til um vegna þessa.

RIFF hefur stuðlað að aukinni vitund um íslenska kvikmyndagerð, en gagnrýnendur benda á að hátíðin þurfi að gera betur í að nýta alþjóðleg tækifæri og byggja upp sterkari tengsl við alþjóðlegan kvikmyndamarkað og eiga meira og betra samstarf við innlenda fagaðila í greininni í því samhengi. RIFF hefur þannig að nokkru leyti aukið sýnileika íslenskrar kvikmyndagerðar en markmið og mælikvarða skortir til að hægt sé að leggja mat á þann árangur sérstaklega.

Árangur í samræmi við samninga

Almennt má segja að markmið styrkveitinga séu ekki nægilega skýrt sett fram í samningum um styrki frá opinberum aðilum til RIFF. Í mörgum tilfellum vantar skilgreind árangursmarkmið í samninga og endurskoðun og eftirfylgni er ábótavant. Í gögnum kemur ítrekað fram að skýr markmið um ábyrgð og rekstur vanti og auka þurfi gagnsæi í fjármálum hátíðarinnar svo styrkveitendur geti fylgt árangursmati eftir.

Í fyrirbyggjandi samningi menningar- og viðskiptaráðuneytis 2023, við RIFF, um veitingu styrks skv. ákvörðun fjárlaganefndar kemur fram að styrkurinn skuli „nýttur til starfsemi RIFF“ (1.gr. Um samningsverkefnið) en ekki er fjallað nánar um markmið starfseminnar eða í hverju hún felst. Með því að taka á móti styrknum lýsir „[...] styrkþegi því yfir að hann ábyrgist að styrknum verði einungis varið til verkefnisins og markmiða verkefnisins sbr. 1.gr. samnings“. Þá skuli greiðslutilhögun vera í tvennu lagi og seinni greiðsla fara fram þegar ráðuneyti hefur borist „[...] greinargerð um verkefnið og fjárhagsuppgjöf þess þar sem upplýst er hvernig styrkurinn var nýttur.“ Ennfremur segir að forsenda lokagreiðslu sé að markmiðum verkefnis hafi verið náð. Í samningnum sjálfum eru markmiðin þó ekki tilgreind nema sem fram kemur hér að ofan í 1. gr. samnings. („Styrkurinn skal nýttur til starfsemi RIFF.“)

Í gildandi samningi ráðuneytis við RIFF um styrk skv. tilmælum fjárlaganefndar við samþykkt fjárlaga 2024 eru álíka ákvæði og hér að ofan. Þar er vísað til nánari tilgreindra verkefna skv. bréfi félagsins (RIFF) til fjárlaganefndar um til hvaða verkefna styrkurinn er veittur (1.gr. Markmið samnings). Ennfremur að RIFF skuli skila greinargerð í lok samningstíma þar sem fram kemur „[...] hvernig framlag hefur verið nýtt skv. 1. gr. samnings þessa og skal kostnaður í því sambandi sundurliðaður“.

Almennt er styrkjum fylgt eftir með greinargerð í lok hátíðar en hvaða markmiðum hátíðin hyggst ná með tilteknum viðburðum eða verkefnum er ekki skýrt í samningnum. Þá er ekki í samningum tenging styrkveitingarinnar við markmið við kvikmyndastefnu, menningarstefnu, framtíðarsýn málefnasviðs og önnur stefnumarkandi skjöl.

Ábending 8

Samningar um styrkveitingar þurfa að innihalda skýrari árangurmarkmið sem tengjast stefnuáherslum og framtíðarsýn ráðuneytis.

Upplýsingagjöf um árangur

Ítrekað kemur fram í gögnum úttektarinnar að skortur sé á upplýsingum um ábyrgð og rekstur RIFF. Þá þykja fjármál hátíðarinnar ógegnsæ og óljóst með hvaða hætti eða til hvaða rekstrarliða styrkfé renni.

Í samningum er almennt ákvæði um að ráðuneyti, hér í hlutverki styrkveitanda, sé heimilt að kalla eftir upplýsingum um stöðu verkefnisins og styrkþega beri að verða við beiðni ráðuneytis þar um. Ljóst er að þessu ákvæði hefur ekki verið beitt með fullnægjandi hætti og tækifæri er fyrir styrkveitendur að kalla eftir upplýsingagjöf um ráðstöfun styrkfés með markvissari hætti en verið hefur.

Tækifæri er sömuleiðis fyrir ráðuneytið að kanna möguleika þess að setja skýrari viðmið um árangur í samninga, mælikvarða þar um og skilyrði fyrir fjárveitingum í samræmi við þann árangur sem sýnt er fram á að hafi náðst.

Á þeim 20 árum sem RIFF hefur verið starfandi hafa ekki byggst upp nægilegir innviðir, hvorki fjárhagslegir né faglegir til að tryggja sjálbærni. Mannauðsmál hafa ekki tryggt festu og þekkingu hjá hátíðinni, hvert rekstrarár einkennist af sömu óvissunni og umhverfi fagþekkingar er ekki til staðar til að leita í.

Ábending 9

Eftirfylgni með uppfyllingu samningsviðmiða þarf að vera markviss og tíð af hendi styrkveitenda og upplýsingagjöf styrkþega í samræmi við kröfur samninga.

Eðlilegt er að gagnsæi og markviss upplýsingagjöf varði opinbera styrki.

Árangur: Samantekt á lykilsurningum matspáttar

RIFF hefur að miklu leyti náð árangri í samræmi við aðalmarkmið sínum varðandi sýnileika, þátttöku og að laða að alþjóðlega leikstjóra og gesti. Þrátt fyrir þetta eru ákveðnar áskoranir tengdar tæknilegum vandamálum og faglegri framkvæmd sem þarf að takast á við til að tryggja að hátíðin haldi áfram að ná fullum árangri og uppfylla markmið samninga til lengri tíma.

Er RIFF að ná tilætluðum árangri sbr. aðalmarkmið RIFF?


- RIFF hefur náð góðum árangri á meginsviðum hátíðarinnar.
- Hátíðin hefur náð góðum árangri í miðlun fjölbreyttra, alþjóðlegra kvikmynda sem sýndar hafa verið hérlandis fyrir tilstilli hátíðarinnar.
- Hátíðin hefur skapað vettvang fyrir tengslamyndun þó óljóst sé hversu markviss tengslin hafa reynst íslensku kvikmyndagerðarfólki. Sérstaklega má benda á tækifæri ungs kvikmyndagerðarfólks hérlandis sem stigið hefur sín fyrstu spor á vettvangi alþjóðlegra kvikmyndahátíða á RIFF.

Hversu vel hefur hátíðin náð þeim markmiðum sem tilgreind eru í samningum?

- Almennt má segja að markmið styrkveitinga séu ekki nægilega skýrt sett fram í samningum um styrki frá opinberum aðilum til RIFF. Í mörgum tilfellum vantar skilgreind árangursmarkmið í samninga og endurskoðun og eftirfylgni er ábótavant. Í gögnum kemur ítrekað fram að skýr markmið um ábyrgð og rekstur vanti og auka þurfi gagnsæi í fjármálum hátíðarinnar svo styrkveitendur geti fylgt árangursmati eftir.
- Í ljósi ofangreinds er erfitt að leggja mat á hvort starfsemi RIFF samræmist stefnu og markmiðum menningar- og viðskiptaráðuneytisins og Kvikmyndamiðstöðvar Íslands.

Er RIFF að ná tilætluðum árangri samkvæmt aðalmarkmiðum RIFF?

- RIFF hefur vissulega náð að skapa sér orðspor sem alþjóðleg kvikmyndahátíð sem dregur að sér bæði erlenda leikstjóra og gesti. Hátíðin hefur byggt upp viðurkenningu fyrir að sýna listrænar og óhefðbundnar kvikmyndir sem oft finnast ekki annars staðar. Þetta er mikilvægur þáttur í að ná aðalmarkmiðum hennar.



03-03

Skilvirkni

Lykilspurningar matspáttar:

- Hvernig er fjármunum varið?
- Hversu skilvirk er notkun RIFF á fjármagni sínu og hversu vel samræmist hún samningum og skilyrðum sem sett eru?
- Í hversu miklu samræmi eru samningar RIFF við verkefnalýsingu til Fjárlaganefndar?

Fjárhagsyfirlit


Alþjóðleg kvikmyndahátíð í Reykjavík ehf.

ISK	2017	2018	2019	2020			2023
Tekjur							
Miðasala með vsk	8.143.753	9.311.460	7.173.294	3.589.608			14.581.662
Umsóknargjöld erlend	2.255.920	2.665.656	1.286.960				
Auglýsingatekjur	1.269.667	1.636.228	2.396.798				
Húsaleigutekjur	5.937.434	4.735.618	800.000				
Aðrar tekjur				3.800.699			5.858.744
Styrkir	41.920.152	43.699.459	40.517.084	42.834.533			81.016.696
Tekjur alls	59.526.926	62.048.421	52.174.136	50.224.840			101.457.102
Gjöld							
Vörunotkun /kostnaðarverð seldra vara	1.874.933	1.072.895	1.595.945	3.793.923			7.601.706
Laun, lt.gjöld, starfsmannakostnaður	18.634.641	20.265.337	17.138.972	20.634.932			35.588.454
Starfsmannakostnaður			517.842	2.091.490			2.569.341
Aðkeypt þjónusta	13.296.447	17.975.906	15.537.949	17.554.616			35.225.270
Leiga húsnæði			3.218.812	1.479.800			2.852.496
Annar rekstrarkostnaður	25.878.907	23.285.098	13.384.474	8.102.503			24.379.635
Gjöld alls	59.684.928	62.599.236	51.393.994	53.657.264			108.216.902
Hagnaður/Tap (Eftir skatta)	51.044	-840.402	709.428	-3.263.633			-7.886.339
Efnahagur							
Eignir	9.219.837	1.716.354	5.615.996	4.405.363			19.493.789
Skuldir	16.352.491	9.689.410	12.879.624	14.932.624			45.158.466
Eigiðfé	-7.132.654	-7.973.056	-7.263.628	-10.527.261			-25.664.677

Ábending 10


Mikilvægt er að RIFF þrói aðferðir til að styrkja rekstrarlega þætti hátíðarinnar, tryggja betra samstarf við styrktaraðila og auka gagnsæi til að tryggja áframhaldandi stuðning og setja henni langtíamarkmið.

- Ársreikningar í fyrirtækjaskrá ekki sundurliðaðir frá 2020.
- Nánari sundurliðun fékkst síðar við gagnaöflun úttektar.
- Hagnaður þrjú rekstrarár.
- Tekjur hafa vaxið um 70% frá 2017.
- Gjöld hafa vaxið um 81%.
- Skuldir aukast um 16,6 mkr 2023 vegna víkjandi láns eiganda.



Rekstraryfirlit 2017 – 2023 skv. ársreikningum

Alþjóðleg kvikmyndahátíð í Reykjavík ehf - Rekstur



- Myndin sýnir tekjur, gjöld og hagnað RIFF á ársgrundvelli frá 2017-2023.
- Alla jafna skilar reksturinn tapi, eða óverulegum hagnaði.
- Ekki er vitað til þess að arðgreiðslur hafi átt sér stað.

Efnahagsyfirlit 2017 – 2023 skv. ársreikningum

Alþjóðleg kvikmyndahátíð í Reykjavík ehf - Efnahagur



- Myndin sýnir þrjár efnahagsstærðir RIFF á ársgrundvelli frá 2017-2023.
- Framan af eru skuldir fyrst og fremst staða skammtímaskulda úr rekstri um áramót, en víkjandi lán við eiganda bætist við 2023 og hækkar skuldir.
- Engir fastafjármunir eru í félaginu, eignir eru fyrst og fremst staða á skammtíma kröfum úr rekstri um áramót.

Laun

- Sundurliðun er ekki að finna í ársreikningum 2020-2023.
- Skv. sundurliðuðum ársreikningum 2017-2019 eru laun, launatengd gjöld og annar starfsmannakostnaður um þriðjungur af heildargjöldum.
- Aðkeypt þjónusta, innlend og erlend, er 22-30% af heildargjöldum.
- [REDACTED]
- [REDACTED]
- [REDACTED]
- Fjöldi stöðugilda á bakvið laun liggja ekki fyrir.
- Víkjandi lán mæta afgangi ef fyrirtæki geta ekki greitt öllum kröfuhöfum, en greiðast á undan arðgreiðslum til hluthafa
- Skv. upplýsingum úttektarinnar hefur ekki verið greiddur arður af félaginu, með fyrirvara um ósundurliðun ársreikninga síðust 4 ára.
- [REDACTED]

Ár	Skv. ársreikningi
2006	
2007	
2008	
2009	
2010	
2011	
2012	
2013	
2014	
2015	
2016	
2017	13.105.000
2018	
2019	12.573.028
2020	
2021	
2022	
2023	

Fjármagn og áhætta

Fjármagn virðist fara allt til reksturs hvernar hátíðar fyrir sig og ekkert er aflögu til að fjárfesta í sjálfbærni, innviðum og langtíma aðgerðum.


Þetta gerir alla stefnumótun, áætlanir og langtímasýn erfiða og ekki byggjast upp innviðir fyrir utan þekkingu framkvæmdastjóra sem eykur rekstraráhættu vegna mögulegs missis lykilfólks (key man risk). Draga má þá ályktun að RIFF standi og falli með eiganda og framkvæmdastjóra félagsins.

Stefna félagsins virðist því einskorðast við að ná að halda næstu hátíð og haga henni þannig að sem mestir styrkir fáiast, frekar en að byggja á lengri tíma stefnu um umfang og tilgang hátíðarinnar.

Áhætta er fólgin í rekstri félagsins sem einkahlutafélags að ef það færi í þrot færu eignir þess þ.m.t. vörumerki og heiti til kröfuhafa.

Líklegt er að auk þekkingar og reynslu af því að halda árlega kvikmyndahátíð sé eitt mesta verðmæti félagsins vörumerki RIFF – Reykjavík International Film Festival – sem þó er „afmáð“.

Fyrir félag sem þiggur styrki af opinberu fé er það niðurstaða úttektarinnar að ársreikningar þess frá 2020 séu ófullnægjandi til að skýra notkun styrkjanna.



- Skv. Hugverkastofu er vörumerki RIFF „afmáð“. Hefð er þó væntanlega komin á notkun þess.
- Þar sem vörumerkið ber með sér heiti Reykjavíkurborgar og hefur í 20 ár markað sér sess og notið opinberra og einkastyrkja væri við hæfi að tryggja notkun merkisins við hátíðina óháð rekstri félagsins – til að forðast orðsporsáhættu ytri hagaðila RIFF og að vörumerkið lendi í höndum aðila sem aðhyllast ekki gildi eða markmið styrkveitenda RIFF.

Kostnaðarhagkvæmni í rekstri RIFF

Eðlileg krafa til félags sem nýtur styrkja af opinberu fé ætti að vera að ársreikningur sé gerður með fullri sundurliðun.

[Redacted text block]

Árið 2020 var markmið RIFF að auka veltu úr 60 milljónum í 120 milljónir auk þess að hámarka sætanýtingu. Óljóst er hvernig þetta markmið endurspeglar kostnaðarhagkvæmni í rekstri en aukning tekna síðustu ára hefur aðallega verið í formi styrkja. Þá hefur leiga á kvikmyndahúsi hækkað um helming frá því sem var 2023.

[Redacted text block]

Ábending 11

Vert að skoða hvort RIFF gæti nýtt sér fyrirkomulag sjálfseignarstofnunar til að styrkja rekstrarform og efla möguleika á að fá fjölbreyttari stuðning, til lengri tíma og bæði frá einkaaðilum og hinu opinbera.

Nýting á opinberu fé

Eins og fram hefur komið er óskýrt í ársreikningum félagsins hvort og hvernig nýting á opinberu fé skiptist í kostnaðarliði. RIFF hefur vaxið að umfangi frá því sem var og ársreikningur sýnir að velta hafi aukist.

Í dag eru margir hliðarviðburðir, samstarfsverkefni sem eiga sér stað utan rekstrartíma hátíðarinnar og viðburðir og verkefni sem tengjast aðeins lauslega markmiðum hátíðarinnar. Dæmi um þetta eru Bíóbíllinn, UngRIFF og Bransadagar. Álykta má að helsti hvati til þessarar útvíkkunar á viðburðum og verkefnum RIFF sé að þá opnast fleiri fjármögnunarleiðir fyrir hátíðina, s.s. styrkir.

Menntað fagfólk í kvikmyndagreinum sinnir fáum störfum á hátíðinni og líklegt má telja að rekstrarform hátíðarinnar hafi áhrif þar á. Fram komu vísbendingar um að það, hversu ótryggt rekstrarumhverfi hátíðarinnar er, komi í veg fyrir að fagmenntað fólk í kvikmyndaiðnaði sækist eftir að ráða sig til starfa hjá hátíðinni. Aðeins er um tímabundnar ráðningar að ræða, laun eru almennt lág eða verktakagreiðslur og mörg hlutastörf. Fyrirkomulag starfsmannahalds getur þannig verið hindrun fyrir þau sem vilja byggja upp faglegan starfsferil í kvikmyndagreinum.

Niðurstaðan er því mikil starfsmannavelta. Flest eru störfin á höndum starfsnema og sjálfboðaliða sem aðeins koma til tímabundinna starfa. Mikil óskilvirkni flest í tímafrekri þjálfun starfsfólks hverju sinni og sé henni ekki sinnt með fullnægjandi hætti líður hátíðin fyrir að léleg gæði sýninga. Þannig kemur fyrirkomulag starfsmannahalds í veg fyrir festu og þekking skilar sér ekki í kvikmyndaiðnað á borð við þróun í dagskrágerð, viðburðahaldi eða kynningarstörfum fyrir kvikmyndamenningu. Þar með glatast þekking og reynsla frá ári til árs.

Þau sjónarmið komu einnig fram að óskilvirkni í mannauðsmálum kæmi jafnvel í veg fyrir uppbyggingu fagþekkingar í greininni hérlandis þar sem fyrirkomulag starfsmannahalds væri frekar fælandi fyrir þau sem hafa aflað sér menntunar á þessu sviði heldur en að laða fólk til starfa við hátíðina.

Í ljósi þess að hátíðin er ekki að nýtast fagfólki geirans nægilega vel má færa rök fyrir því að opinbert fé sé ekki að skila sér í verkefnum og óskilvirkni sé í nýtingu fjármagns.

Ábending 12

Bæta þarf mannauðsmál til að stuðla að aukinni fagmennsku í sýningarhaldi RIFF.

Skilvirkni: Samantekt á lykilspurningum matspáttar

Hvernig er fjármunum varið?

- Fjármunir RIFF koma að stórum hluta frá opinberum styrkjum og styrktaraðilum. Rekstrarskýrsla ársins 2020 sýnir að RIFF stefndi að því að auka tekjur sínar um 60 milljónir króna með því að bæta sætanýtingu og hámarka kostnaðarhagkvæmni í rekstri. [REDACTED]
- Launakostnaður og leiga á sýningarsölum hefur verið verulegur þáttur í rekstri hátíðarinnar. Þessar hækkanir, [REDACTED] skapa áskoranir varðandi fjárhagslega sjálfbærni hátíðarinnar.
- Ekki liggja fyrir fundargerðir stjórnar eða skýringar á ákvörðunum um laun framkvæmdastjóra eða launastefnu almennt.

Hversu skilvirk er notkun RIFF á fjármagni sínu og hversu vel samræmist hún samningum og skilyrðum sem sett eru?


- Samkvæmt skýrslu um kostnaðaráætlanir RIFF má sjá að áhersla sé lögð á að ná hámarks nýtingu á opinberu fjármagni.
- Hins vegar hafa komið fram athugasemdir varðandi ófullnægjandi sundurliðun og gagnsæi á ákveðnum kostnaðarliðum, einkum launakostnað og óskýra útgjaldaliði.
- Þetta skapar áskoranir varðandi eftirfylgni samninga og skilyrða.
- Enn fremur hefur komið í ljós að ákveðnar upphæðir, [REDACTED] eru ekki skýrar í rekstrarskýrslum og hvernig ákvarðanir um það voru teknar eða metnar.
- Þetta leiðir til spurninga um hvernig fjármagni hefur verið varið og hvort það sé í samræmi við markmið hátíðarinnar.

Í hversu miklu samræmi eru samningar RIFF við verkefnalýsingu til Fjárlaganefndar?

- Í samningum við Fjárlaganefnd kemur fram að RIFF þurfi að sýna fram á hvernig fjármagnið hefur verið nýtt til að hámarka menningarleg og efnahagsleg áhrif hátíðarinnar.
- Þrátt fyrir markmið RIFF um að laða að sér erlenda gesti og efla tengslamyndun innan kvikmyndageirans, þá bendir úttektin til þess að skortur á gagnsæi í skýrslugerð og rekstrarskýrslum dragi úr trúverðugleika varðandi notkun fjármagns.

03-04

Áhrif



Lykilspurningar matspáttar:

- Hver eru áhrif RIFF á kvikmyndagerð og menningu (orðspor, ímynd) á Íslandi og alþjóðlega stöðu?
- Hvaða beinu og óbeinu áhrif af starfsemi RIFF er hægt að greina á menningar- og efnahagslegum sviðum?
- Hver eru hagræn og menningarleg áhrif annarra verkefna RIFF, sem hafa fengið styrki úr opinberum sjóðum?

Áhrif á íslenska kvikmyndagerð

Hafið er yfir vafa að RIFF er menningarlegur vettvangur sem hefur skipt máli og hátíðin því oft talin mikilvæg út frá menningarlegum hagsmunum. Kvikmyndagerð er ört stækkandi atvinnugrein á Íslandi og hefur fjölmarga samverkandi jákvæða þætti á íslenska tungu, samfélag, menningu og menningararf. RIFF styður við kvikmyndamenningarflóru í Reykjavík. Þá þykir það metnaðarfullt að halda alþjóðlega kvikmyndahátíð í Reykjavík.

Aðgengi áhorfenda hérlandis að alþjóðlegum kvikmyndum hefur án efa haft áhrif á þroska kvikmyndagerðar hérlandis. Fjölbreytni í myndavali og vettvangur fyrir áhorfendur á öllum aldri til að þjálf sýn sína á kvikmyndagerð er mikilvægt framlag RIFF til íslensk kvikmyndaiðnaðar.

Tvö verkefni RIFF fá almennt mjög jákvæða umsögn og hrós fyrir fagmennsku. Hið fyrra er Bíóbillinn, þar sem RIFF fær hrós fyrir val og undirbúning sýninga fyrir börn og ungmenni. Hið síðara er framlag RIFF til Barnamenningar, með áður nefndum Bíóbíl og UngRIFF. Tekið er fram að það sé sérstaklega vel að því staðið að því að bjóða ungu fólki að taka þátt í sérvíðburðum hátíðarinnar.

Í gögnum úttektar kemur fram að helstu efnahagslegu áhrif íslensk kvikmyndaiðnaðar felast í að kynna Ísland sem sem tökustað og sem áfangastað kvikmyndagerðarfólks, en þau verkefni liggja að nánast öllu leyti utan við starfsemi RIFF. Viðskiptalega séð eru því mikilvægi markaðssetningar utan áhrifasviðs RIFF, s.s. á blaðamannafundum eða á stærri hátíðum erlendis.

Ábending 13

Samskipti þarf að bæta innan RIFF og milli samstarfsaðila og RIFF. Ágreiningur, ósætti og óánægja dregur úr áhrifum RIFF og þeim árangri sem alþjóðleg kvikmyndahátíð á Íslandi gæti náð.

Áhrif á menntun í kvikmyndum

Tekið er fram að RIFF hafi jákvæð áhrif á ungt kvikmyndagerðarfólk. Þannig þyki það eftirsótt meðal nýútskrifaðra að fá lokaverkefni sýnd á RIFF og það skref hefur reynst stökkipallur fyrir leikstjóra og framleiðendur inn á alþjóðlegt svið kvikmyndanna enda RIFF sterkt vörumerki.

Athygli vekur að RIFF er ekki í formlegu samstarfi við fagfélög í kvikmyndagerð, þó Kvikmyndamiðstöð Íslands styrki hátíðina. Ekki er formlegt samstarf við menntastofnanir í kvikmyndafræðum, hvorki HÍ, LHÍ eða Kvikmyndaskólann. Þar á bæ eru nemendur þó hvattir til að sækja um að sýna útskriftarverk sín á RIFF. En slíkt á sér stað eftir að námi lýkur og engir samstarfssamningar um gagnkvæma aðkomu er á milli þessara aðila.

Fram kom í úttektinni að samskiptamál hafi staðið samstarfi við menntastofnanir fyrir þrifum. Ljóst er að nemendur kvikmyndagreina sækja hátíðina, enda er hún vel þekkt sem viðburður í kvikmyndaheiminum, en ef samstarf væri formgert væri hægt að gera miklu betur í menntun í kvikmyndagreinum. Án betra samstarfs, samtals og metnaðar fyrir sameiginlegum árangri glatast dýrmæt tækifæri RIFF til að stuðla að aukinni menntun ungs kvikmyndafræðafólks.

Þá er áberandi skortur á þjálfun, stuðningi og handleiðslu til þeirra sem standa að sýningunum og rammi um nám starfsnema er óljós. Eins er utanumhald sjálfbóðaliða ekki bundið nægilega skýrum ramma. Fram kom að RIFF tekur þátt í samstarfsverkefnum Evrópusambandsins, s.s. European Solidarity Corps (ESC), í gegnum þriðja aðila. ESC er þekkt á Íslandi og almennasta umgjörð fyrir móttöku, starf og mat á þátttöku sjálfbóðaliða í sértækum verkefnum hérlandis sem viðurkennd og styrkt eru af Landsskrifstofu Erasmus+ menntaáætlunarinnar. Engin gögn bárust úttektaraðilum sem staðfesta að RIFF sé viðurkenndur aðili til að taka á móti sjálfbóðaliðum innan menntaáætlunarinnar. Mikil orðsporsáhætta er fólgin í óljósri og ómarkvissri þátttöku sjálfbóðaliða í hátíðinni, ekki aðeins fyrir hátíðina sjálfa heldur samstarfsaðila og styrkveitendur.

Ábending 14

Samtal um menntun milli aðila gæti stuðlað að ríkulegra umhverfi nemenda í greinum kvikmynda á Íslandi. Formgera ætti samstarf RIFF við menntastofnanir til hagsbóta fyrir báða aðila en ekki síst nemendur.

Ábending 15

Sjálfbóðaliðastarf þarf að vera skýrt afmarkað skv. viðurkenndum viðmiðum þar um. Gagnlegt væri fyrir RIFF að nýta samstarfsverkefni Erasmus+ menntaáætlunarinnar til að ramma inn sjálfbóðaliðastarfið en til þess þarf að verða viðurkenndur aðili til þátttöku í slíkum verkefnum og ríkar kröfur eru gerðar til allrar umgjarðar um sjálfbóðaliða.

Ábending 16

Styrkveitendur gætu skoðað hvort hægt væri að skilyrða styrkveitingu gagnvart notkun sjálfbóðaliða og tryggja að umgjörð og utanumhald þeirra sé með viðurkenndum hætti í samræmi við t.d. Erasmus+ menntaáætlunina.

Áætlun um efnahagsleg áhrif

Þó að RIFF standi yfir í aðeins 10 daga þá sáir hún fræjum sem endast lengur. Erfitt er samt að leggja mat á langtímaáhrif þess að áhorfendur fái tækifæri til að kynnst fjölbreyttri alþjóðlegri kvikmyndagerð en líklegt má telja að RIFF hafi lagt mikið að mörkum við að ala upp kynslóðir kvikmyndaáhugafólks. Til þess að meta nákvæm efnahagsleg áhrif RIFF þarf að fara fram ítarlegri og umfangsmeiri rannsókn en þessi úttekt og gögn hennar gefa tilefni til.

Þá daga sem hátíðin stendur setur hún mikinn svip á borgina og menningarlíf hennar. Hátíðin er gjarnan áberandi í fjölmiðlum og umfjöllunum samfélagsmiðla og sýnileiki hennar mikill. Afleidd áhrif hátíðarinnar á Reykjavíkurborg eru þó minni en margra annarra kvikmyndahátíða hérlandis, sem koma fámennari bæjum landsins á kort kvikmyndaáhugafólks, þar sem Reykjavík er almennt vel kynnt sem höfuðborg Íslands.

Alþjóðlegar kvikmyndahátíðir eins og RIFF geta haft jákvæð áhrif á efnahagslíf, sérstaklega með því að laða að sér gesti og kvikmyndagerðarfólk. Samt sem áður, vegna takmarkaðrar samvinnu við lykilaðila innan greinarinnar og skorts á gegnsæi, er hugsanlegt að efnahagsleg áhrif RIFF séu minni en ella.

Til samanburðar má nefna greiningar um að Iceland Airwaves hefur skilað milli 2,7-3 milljörðum ISK (um 20-22 milljónir USD) í efnahagslegan ávinning fyrir Reykjavík. Þó að RIFF sé minni hátíð, sýnir þetta hve mikilvægar hátíðir geta verið fyrir efnahag. Til að RIFF nái sambærilegum áhrifum þarf að bæta rekstrarlega og faglega umgjörð hátíðarinnar og almenna markmiðasetningu.

Hluti áhrifa RIFF gætu verið byggð á gistinóttum, þar sem erlendir gestir og þátttakendur koma til landsins. Ef RIFF dregur að sér 500-1000 erlenda gesti á hverju ári og hver gistinótt skilar um kr. 20-30.000 í hagkerfið, má áætla að gistinætur einar skili verulegum tekjum. Ef að auki meðalneysla ferðamanna er kr. 20-30.000 á dag mætti gróflega áætla að þetta **gæti** skilað 200-500mkr. árlega.

RIFF skapar bein störf, bæði fyrir skipuleggjendur og tímabundna starfsmenn. Auk þess hafa hátíðir eins og RIFF áhrif á þjónustugreinar eins og veitingastaði, samgöngur og verslun. Aðstæður skapa afleidd störf og tekjur. Þessi afleiddu hliðaráhrif gætu skilað tugum milljóna króna í hagkerfið.

RIFF laðar að sér erlenda kvikmyndagerðarmenn og styður vettvang fyrir íslenska kvikmyndagerð. Líklegt verður að teljast á áhrif skattalegra ívilnana, starfssemi Íslandssstofu um Film in Iceland og aðgerðir einkafyrirtækja í faginu hafi mun meiri áhrif á efnahag hvað þetta varðar en RIFF.

Hagaðilar RIFF

Þegar áhrif RIFF eru kortlögð út frá hagaðilagreiningu vekur athygli að áhrifin virðast jákvæðust eftir því sem utar í hagaðilakortinu er farið.

Í innsta hring hagaðilagreiningar eru starfsfólk og samstarfsaðilar ásamt styrkveitendum.

Í miðjuhringnum eru helstu hagaðilar kvikmyndagerðarfólk og fagfólk í kvikmyndaiðnaði hérlandis, nemendur kvikmyndagreina, sýnendur, leikstjórar, framleiðendur o.fl.


Oformgert samstarf veldur ómarkvissum árangri, væntingastjórnun er brotakernd.

Í ysta hring eru þau sem fjærst standa hátíðinni, koma ekki að samstarfi við hana en fylgjast með úr fjarlægð. Þessir aðilar eru líklegastir til að njóta jákvæðra áhrifa hátíðarinnar, með aðgengi að fjölbreyttu úrvali kvikmynda, lestri fréttar af viðburðum og verkefnum, og að nokkru leyti njóta ávinnings af gestum sem sækja hátíðina heim.

Ysti hringur: Aðilar sem RIFF hefur óbein áhrif á og aðilar sem hafa óbein áhrif á hátíðina.
Helstu hagaðilahópar: Áhorfendur, fjölmiðlar, kvikmyndaáhugafólk, ferðamenn, ferðaþjónustuaðilar.

Miðjuhringur: Aðilar sem RIFF getur haft áhrif á og þættir sem hafa áhrif á RIFF.
Helstu hagaðilahópar: Kvikmyndagerðarfólk, sýnendur, leikstjórar, framleiðendur.

Innsti hringur: Bein starfsemi RIFF og innviðir. Aðilar sem tengdir eru hátíðinni og skipulagningu hennar.
Helstu hagaðilahópar: Samstarfsaðilar, styrkveitendur, starfsfólk.



Áhrif: Samantekt á lykilspurningum matspáttar

Hver eru áhrif RIFF á kvikmyndagerð og menningu (orðspor, ímynd) á Íslandi og alþjóðlega stöðu?


- RIFF hefur haft mikilvæg áhrif á alþjóðlega ímynd Íslands sem vettvang fyrir kvikmyndagerð og sem áfangastað kvikmyndagerðarfólks.
- Hátíðin kynnir Ísland sem tökustað og aðdráttarafl fyrir skapandi listamenn um allan heim. Íslensk kvikmyndagerð hefur einnig notið góðs af hátíðinni, sérstaklega með sýningum á íslenskum myndum fyrir erlenda áhorfendur og hefur það eflt orðspor landsins á alþjóðavettvangi.
- Hins vegar eru ákveðnir veikleikar í framkvæmd hátíðarinnar, sérstaklega hvað varðar tæknilegar uppsetningar og samstarf við fagfólk, sem dregur úr þessum jákvæðu áhrifum.

Hvaða beinu og óbeinu áhrif af starfsemi RIFF er hægt að greina á menningar- og efnahagslegum sviðum?

- Bein áhrif RIFF á menningarlífið eru greinileg með þátttöku innlendra og erlendra kvikmyndagerðarmanna, sem skapa tækifæri til tengslamyndunar og þekkingarmiðlunar.
- Hátíðin styður einnig við fjölbreytni í kvikmyndamenningu, sér í lagi með ungmennaverkefnum eins og UngRIFF og sýningu mynda frá framandi menningarheimum.
- Efnahagsleg áhrif hátíðarinnar eru einnig nokkur, sérstaklega með komu erlendra gesta og aukinni umferð ferðamanna á hótél, veitingastaði og aðra þjónustu.
- Samt sem áður er skortur á samstarfi og skipulagi innan greinarinnar, sem dregur úr því að RIFF nái fullum efnahagslegum áhrifum.

Hver eru hagræn og menningarleg áhrif annarra verkefna RIFF, sem hafa fengið styrki úr opinberum sjóðum?

- Verkefni eins og Bíóbíllinn og UngRIFF hafa haft jákvæð menningarleg áhrif, sérstaklega með því að gera ungu fólki kleift að taka þátt í kvikmyndagerð og styrkja framtíðarkvikmyndagerðarfólk Íslands.
- Þessi verkefni hafa verið studd af opinberum sjóðum og hafa stuðlað að því að víkka út kvikmyndamenningu til nýrra hópa. Hins vegar eru efnahagsleg áhrif þessara verkefna takmörkuð, þar sem þau hafa fyrst og fremst menningarlegt gildi.
- Í viðfangsefnum sem hafa takmarkaðar auðlindir er mikilvægt að hafa sterkan fókus á það sem skiptir mestu máli og dreifa ekki kröftum og auðlindum of þunnt á of marga þætti.



03-05

Samræmi

Lykilspurningar matspáttar:

- Hvernig fellur starfsemi RIFF að heildarstefnu, regluverki eða áætlunarramma?
- Hversu vel stenst framkvæmd samninga þær lagaheimildir og lagaskyldur sem tilgreindar eru í samningum?

Menningarstefna

Draga má þá ályktun af menningarstefnu að stuðla beri að því að íslenskt menningarlíf sé fjölbreytt, skapandi, aðgengilegt fyrir alla og sjálfbært. Menningarstefnan tekur mið af íslenskum og alþjóðlegum aðstæðum, ásamt því að leggja áherslu á mikilvægi menningar fyrir sjálfsmynd þjóðarinnar og tengsl Íslands við önnur lönd.

Eftirfarandi eru þættir úr stefnunni sem tengjast beint og óbeint framlagi kvikmyndahátíða til greinarinnar:



Fjölbreytni og sköpun

Áhersla er lögð á að íslenskt menningarlíf endurspegli margbreytileika þjóðarinnar og alþjóðlegra áhrifa. Skapandi listir og menningarstarfsemi njóta stuðnings, sem hvetur til nýsköpunar og frumleika.



Aðgengi að menningu

Markmið er að tryggja aðgang allra landsmanna að menningarviðburðum, óháð búsetu, félagslegri stöðu eða aldri. Menningarstarfsemi skal einnig vera aðgengileg í gegnum stafræna miðla.



Menningararfur og tungumál

Stefnan felur í sér verndun og viðhald íslensks menningararfs, þar með talið íslenskra bókmennta, listmuna og byggingarlistar. Verndun tungumálsins er einnig mikilvægur þáttur.



Menningarstefna á alþjóðavísu

Markmiðið er að efla alþjóðleg samskipti og samstarf á sviði lista og menningar. Ísland tekur þátt í alþjóðlegum hátíðum og samstarfs-kerfum til að auka sýnileika landsins og skapa tækifæri fyrir íslenska menningu á heimsvísu.



Sjálfbærni og nýsköpun

Stuðlað er að sjálfbærum menningarrekstri og nýsköpun í menningarstarfsemi. Þessi stefna miðar að því að nýta umhverfisvænar lausnir og tækni til að efla menningarframleiðslu.

Kvikmyndastefna til 2030

Draga má þá ályktun af stefnunni að íslensk kvikmyndagerð skuli blómstra og dafna á komandi áratug. Greininni er ætlað að styrkja íslenska menningu og tungu og sjálfsmynd þjóðarinnar, efla atvinnulífið og stuðla að sterku orðspori Íslands.

Eftirfarandi eru þættir úr stefnunni sem tengjast beint og óbeint framlagi kvikmyndahátíða til greinarinnar:

Efling íslenskrar kvikmyndagerðar

- Aukinn stuðningur við framleiðslu og gæði íslenskra kvikmynda.
- Markmiðið að auka alþjóðlegan sýnileika og að íslenskar kvikmyndir verði að útflutningsvöru.

Stuðningur við menningarlega fjölbreytni

- Íslenskar kvikmyndir skulu endurspeglar fjölbreytileika íslensks samfélags.
- Efla á sýnileika ólíkra sjónarmiða og hópa í kvikmyndagerð

Samræming innlands og alþjóðlegs regluverks

- Áhersla lögð á að samræma reglur á milli íslenskrar kvikmyndagerðar og alþjóðlegra staðla, sem tryggir betri samkeppnisstöðu íslensks kvikmyndaiðnaðar á heimsvísu.

Aukin fjárfesting í innviðum

- Bygging tækniinnviða, aðstöðu og þekkingar innan kvikmyndageirans, bæði í sýningaraðstöðu og eftirvinnslu, með áherslu á hátæknilausir.

Sjálfbærni í kvikmyndagerð

- Stuðla skal að aukinni sjálfbærni í kvikmyndagerð, allt frá framleiðsluferli til sýninga og dreifingar.
- Leggja skal áherslu jafnt á umhverfislega og efnahagslega sjálfbærni til að viðhalda vexti og stöðugleika.

Efnahagsleg áhrif og atvinnusköpun

- Kvikmyndagerð skal verða mikilvægur atvinnuvegur sem stuðlar að aukinni atvinnusköpun og efnahagslegum ávinningi fyrir landið, bæði með innlendum verkefnum og alþjóðlegum samvinnuverkefnum.

Samræmi við opinbera menningarstefnu Íslands

Á heildina litið fellur RIFF vel að mörgum þáttum opinberrar menningarstefnu Íslands, en frekari úrbætur á sviðum eins og sjálfbærni og fjármálastjórnun myndu styrkja samræmi við opinbera stefnu enn frekar.

Fjölbreytni og sköpun: RIFF stuðlar að fjölbreyttri menningu með því að sýna kvikmyndir frá fjölmörgum löndum og skapa vettvang fyrir alþjóðlega listamenn og kvikmyndagerðarfólk til að koma verkum sínum á framfæri. Þannig styður RIFF við menningarlíf sem hvetur til nýsköpunar og frumleika.

Aðgengi að menningu: RIFF veitir almenningi aðgengi að fjölbreyttu menningarstarfi, þar á meðal alþjóðlegum kvikmyndum sem annars væru ekki aðgengilegar á Íslandi. Hátíðin skapar vettvang þar sem listamenn frá öllum heimshornum geta miðlað verkum sínum til íslensks áhorfenda, sem eykur fjölbreytni í menningarupplifun landsins.

Menningararfur og tungumál: RIFF ber virðingu fyrir íslenska menningararfleifð og styður íslenskt kvikmyndagerðarfólk. Með því að hvetja til þátttöku ungra og upprennandi kvikmyndagerðarmanna tryggir hátíðin varðveislu íslenskrar menningar og tungu, ásamt því að stuðla að framgangi íslenskrar kvikmyndagerðar á alþjóðavísu.

Menningarstefna á alþjóðavísu: RIFF stuðlar að auknu alþjóðlegu samstarfi á sviði menningar og lista með því að draga að alþjóðlega kvikmyndagerðarmenn, fjölmiðla og áhorfendur, og stuðla þannig að auknu orðspori Íslands sem skapandi menningarvettvangs.

Sjálfbærni og nýsköpun: Hátíðin gæti þó bætt sjálfbærni í sinni starfsemi, bæði með tilliti til umhverfislegra og fjárhagslegra þátta. Menningarstefna leggur áherslu á að menningarviðburðir séu sjálfbærir og að fjármögnun sé til staðar til að styðja við langtímaárangur. Það skortir á að RIFF hafi unnið markvisst að því að byggja upp innviði og fjárhagslegan stöðugleika til framtíðar, sem gæti samræmst betur markmiðum opinberrar menningarstefnu.

Ábending 17

Í kvikmyndastefnu stjórnvalda er áhersla lögð á aukna samlegð og samstarf þar sem opinberar fjárfestingar eru nýttar enn betur en áður. Tækifæri til samstarfs við fagfélög kvikmyndagerðarfólks eru vannýtt hjá RIFF. Þar hefur skortur á trausti og samtali við hagaðila áhrif á samstarf og möguleg samlegðaráhrif til framtíðar.

Samræmi við kvikmyndastefnu

Starfsemi RIFF fellur almennt vel að kvikmyndastefnu Íslands til ársins 2030, sérstaklega í tengslum við eftirfarandi lykilmarkmið:

Fjölbreytt kvikmyndamenning: RIFF stuðlar að fjölbreyttri kvikmyndagerð með því að kynna kvikmyndir frá fjölmörgum löndum og stuðla að auknum sýnileika íslenskra og erlendra kvikmynda. Þetta er í samræmi við markmið kvikmyndastefnunnar um að efla kvikmyndamenningu sem styrkir sjálfsmynd þjóðarinnar og eflir íslenska tungu.

Alþjóðleg samkeppnishæfni: RIFF skapar vettvang þar sem íslenskar kvikmyndir og kvikmyndagerðarfólk fá tækifæri til að sýna sig og sjá aðra á alþjóðlegum vettvangi og efla tengslanetið við erlenda kvikmyndagerð. Þessi alþjóðavæðing og kynning styðja við markmið stefnunnar um að gera íslenska kvikmyndagerð að alþjóðlegu vörumerki.

Sjálfbærni: Í kvikmyndastefnunni er lögð áhersla á sjálfbærar aðgerðir í kvikmyndagerð, bæði í efnahagslegu og umhverfislegu tilliti. RIFF getur nýtt þetta tækifæri til að efla umhverfisáherslur í framkvæmd hátíðarinnar, sem styður við markmið um sjálfbæra kvikmyndagerð. Kvikmyndastefnan leggur áherslu á að byggja upp sjálfbæra innviði fyrir íslenska kvikmyndagerð til lengri tíma, með öflugri fjármögnun og stuðningi. Hins vegar hefur RIFF átt í erfiðleikum með fjárhagslega sjálfbærni, sérstaklega þegar kemur að því að byggja upp fjárhagslegan stöðugleika til framtíðar. Þetta getur reynst áskorun í ljósi markmiða stefnunnar um langtíma vöxt.

Fagmennska í rekstri og stjórnun: Kvikmyndastefnan kallar eftir aukinni fagmennsku og gagnsæi í rekstri kvikmyndafyrirtækja og viðburða. Skortur á gagnsæi í fjármálastjórnun hjá RIFF, [REDACTED]. Þetta getur gert RIFF erfitt fyrir að samræmast þessum hluta kvikmyndastefnunnar sem krefst aukinnar ábyrgðar og gagnsæis.

Samvinna við innlenda aðila: Stefnan leggur áherslu á að efla samvinnu milli íslenskra kvikmyndaáðila og menningarstofnana. Sumir hafa bent á að samskipti RIFF við innlenda hagaðila, s.s. önnur hátíðahöld, séu ekki nægilega góð. Þetta stangast á við áherslur stefnunnar um aukna samvinnu og faglega uppbyggingu innanlands. Ef unnið er að úrbótum á þessum sviðum gæti RIFF betur samræmst stefnu stjórnvalda og stuðlað að enn betra umhverfi fyrir kvikmyndagerð á Íslandi.

Samræmi við lagaheimildir

RIFF virðist uppfylla í grundvallaratriðum lagaleg skilyrði, en eftirlit og endurgjöf hvað varðar skýrsluskil og upplýsingar ráðuneytisins þurfa að vera skýr. Ef skortur er á gagnsæi eða ef greinargerðir eru ekki fullnægjandi ber að kalla eftir frekari gögnum og eftirfylgni til að ljúka styrkveitingu. Það er lykilatriði að RIFF fylgi reglugerðum og lögum um opinberan fjárstuðning og skili greinargóðum skýrslum til ráðuneytisins sem hafi skýran ramma um endurgjöf og eftirlit.

Lög um opinber fjármál: Samningarnir byggja á lögum nr. 123/2015 um opinber fjármál, þar sem fjallað er um ábyrgð á meðferð opinberra fjármuna. Í þeim felst að RIFF þarf að hafa á hreinu bókhaldsgögn og tryggja að fjármagn sé nýtt í samræmi við samninginn.

Lög um ríkisendurskoðanda: Ríkisendurskoðun hefur rétt á að framkvæma eftirlit með styrkfjármagni, og RIFF þarf að tryggja að öll gögn varðandi bókhald séu aðgengileg og varðveitt í samræmi við lög nr. 46/2016 um ríkisendurskoðun og endurskoðun ríkisreikninga.

Upplýsingagjöf og gagnsæi: RIFF er skuldbundið til að skila greinargerðum til menningar- og viðskiptaráðuneytisins þar sem sundurliðað er hvernig styrkurinn var nýttur. Skýrslur og öll gögn sem tengjast framkvæmd samningsins þurfa að vera aðgengileg og ráðuneytið hefur heimild til að krefjast ítarlegra upplýsinga. [REDACTED]

Framkvæmd samninga: Greiðslur fara fram í tveimur hlutum, þar sem lokaafhending fjár fer fram þegar menningar- og viðskiptaráðuneytið hefur fengið fullnægjandi greinargerð og fjárhagsuppgjör. Ef RIFF uppfyllir ekki þessi skilyrði, getur ráðuneytið frestað eða stöðvað greiðslur, sem einnig tengist vanefndarákvæðum samningsins.

Auglýsingar: Allt kynningarefni RIFF þarf að innihalda tilvísun í að hátíðin sé styrkt af menningar- og viðskiptaráðuneytinu.

Samræmi: Samantekt á lykilspurningu matspáttar

Hvernig fellur starfsemi RIFF að heildarstefnu, regluverki eða áætlunarramma?


- Starfsemi RIFF fellur almennt vel að menningarstefnu og kvikmyndastefnu til ársins 2030. Sérstaklega má nefna að hátíðin styður við fjölbreytni kvikmyndagerðar með því að kynna bæði íslenskar og erlendar kvikmyndir frá ólíkum menningarheimum. Þetta er í samræmi við áherslur menningarstefnu um að efla fjölbreytni í listum og skapa vettvang fyrir skapandi greinar.
- Hins vegar hafa komið fram vísbendingar um að RIFF þurfi að bæta stjórnarhætti og gagnsæi í rekstri til að uppfylla skilyrði opinberra aðila og styrktaraðila enn betur. Með því að einbeita sér að gagnsærri framkvæmd og faglegri stjórnun getur RIFF betur samræmst markmiðum íslenskrar menningarstefnu og styrkt tengslin við innlenda og erlenda aðila.

Hversu vel stenst framkvæmd samninga þær lagaheimildir og lagaskyldur sem tilgreindar eru í samningum?

- Samkvæmt samningum við menningar- og viðskiptaráðuneytið og önnur opinber stjórnvalds- og fjármálaaðila er RIFF skuldbundið til að fylgja ákveðnum reglum um fjármálastjórnun og gagnsæi. Þar á meðal eru lög nr. 123/2015 um opinber fjármál, sem kveða á um ábyrga meðferð opinberra fjármuna.
- Samningar krefjast þess einnig að RIFF uppfylli ákvæði laga um ríkisendurskoðun og tryggi að fjárhagslegt eftirlit sé fullnægjandi.
- Fram kemur að RIFF hafi staðið vel að því að uppfylla meginmarkmið varðandi menningarlegt hlutverk, en erfiðleikar hafa verið við að ná fullnægjandi árangri í framkvæmd og eftirliti með fjármálum.
- [REDACTED]
- Þetta ósamræmi dregur úr trúverðugleika hátíðarinnar í augum opinberra aðila, sem hafa kallað eftir úrbótum og aukinni eftirfylgni.

03-06

Sjálfbærni



Lykilspurningar matspáttar:

- Hversu langvarandi eru áhrif af starfi RIFF? Nær ávinningur af RIFF framyfir hátíðina sjálfa?
- Hvernig stuðlar RIFF að sjálfbærni í kvikmyndagerð og menningu til lengri tíma?
- Hversu vel samræmist starfsemi RIFF ímynd Íslands í fararbroddi í sjálfbærni?

Sjálfbærni RIFF

Til að rýna sjálfbærni RIFF þarf m.a. að meta hversu varanlegur ávinningur af RIFF sé eftir að fjármögnun lýkur, með tilliti til efnahagslegrar, umhverfislegrar og félagslegrar sjálfbærni. Óljóst er hvort RIFF sé sjálfbær vettvangur í skilningi þess að gæta þriggja stoða sjálfbærni.

Á vef RIFF er birt sjálfbærnistefna hátíðarinnar. Í henni er hvorki sett fram framtíðarsýn eða stefnuáherslur, þ.e. hvaða atriði hátíðin hyggst leggja á til að auka sjálfbærni, né markmið eða aðgerðir. Í stefnunni er fjallað um hvernig kvikmyndaiðnaður getur orðið sjálfbær, hvað aðrar hátíðir eru að gera til að draga úr kolefnisspori sínu, hvernig kvikmyndahátíðir geta gert samfélaginu gagn, menningarleg áhrif og og varðveislu menningararfs. Þá hefur ekkert virkt samtal átt sér stað á milli RIFF og KMÍ varðandi sjálfbærnimarkmið hátíðarinnar.

Sjálfbærni viðmið hátíðarinnar eru því hvorki sýnileg né markviss. Þetta vekur spurningar um hvort RIFF sé fært um að stuðla að sjálfbærum rekstri eða mæta sjálfbærnikröfum. Umhverfisleg markmið eru heldur ekki hluti af opinberri stefnu RIFF og ekki er fylgst með umhverfislegum áhrifum hátíðarinnar, losunarbókhald er ekki haldið né önnur áhrif mæld.

Auk ofangreindrar sjálfbærnistefnu hefur RIFF sett sér starfsmannastefnu, aðgengisstefnu og EKKO stefnu. Á heimasíðunni kemur fram að stjórnendur RIFF hafi samþykkt stefnurnar í júní 2024. Félagsleg sjálfbærni er afar takmörkuð þó vissulega megja sjá markmið í starfsmannastefnu um að starfsmenn njóti réttinda sem kveðið er á um í lögum, reglum og samningum um jafnréttismál, trúnaðarmaður sé skipaður frá 1. júní 2024 og áhersla sé lögð á góðan starfsanda og að starfsfólki líði vel í vinnu.

Ástæða er til fyrir hátíðina að rýna félagslega sjálfbærni til að draga úr starfsmannaveltu, sem er mikil, sem þar sem starfsmannaveltan er mikil og tengist skorti á langtímastefnu um stjórnun mannauðs. Þekking tapast þegar fólk hættir hjá RIFF og veldur því að starfsmannaumhverfi er óstöðugt.

Ábending 18

RIFF stendur frammi fyrir áskorunum þegar kemur að sjálfbærni. Hátíðin hefur jákvæð áhrif á kvikmyndamenningu og ímynd Íslands, en skortir viðvarandi lausnir til að mæta sjálfbærnikröfum, sérstaklega hvað varðar efnahagslega og félagslega þætti, en einnig umhverfislega.

Ábending 19

Styrkja þarf tekjustofna félagsins til að skapa grundvöll fyrir sjálfbæran rekstur þess.

Stjórnarhættir og RIFF

Hvað varðar stjórnarhætti er nauðsynlegt fyrir hátíðina að stuðla að bættri stjórnun og gagnsæi, sérstaklega hvað varðar fjármál hátíðarinnar og starfsmannahald.

Félagið hefur ekki tilkynnt um breytingar á stjórn síðan 2006. Skráðir stjórnarmenn eru Hrönn Marinósdóttir og Ólafur Sörli Kristmundsson til vara. skv. fyrirtækjaskrá. Vitað er til að ýmsir aðrir hafa verið kallaðir til í stjórn félagsins í gegnum árin, en það hefur ekki verið formlega skráð. Þá bera ársreikningar í fyrirtækjaskrá ekki undirritun stjórnar.

Skv. fyrirtækjaskrá fer Hrönn Marinósdóttir með 75,2% hlut í félaginu, en skv. CreditInfo er hún 100% raunverulegur eigandi.

Aukið gagnsæi er nauðsynlegt þegar verið er að sýsla með opinbert fé. Bent hefur verið á að stækka þurfi stjórn RIFF og umgjörð hennar þyrfti að vera faglegri. Skráning stjórnar þarf að vera hafin yfir allan vafa, fundir stjórnar að vera með reglubundnum hætti og fundargerðir skráðar sem sýna ábyrgð, hlutverk og ákvarðanir.

Siðareglur stjórnar eru hluti af góðum stjórnarháttum. Í dag er ekkert að finna um siðferði eða skyldu stjórnar sem aðila sem þiggur opinbera styrki.

Á meðan stjórnarhættir eru ekki af meiri gæðum eða í öruggari skorðum má gera ráð fyrir að RIFF standi og falli með eiganda og framkvæmdastjóra félagsins.

Fyrir samstarfsaðila RIFF er mikilvægt að spyrja spurninga um sjálfbærni í stjórnun hátíðarinnar. Margir styrkveitendur hátíðarinnar starfa skv. sjálfbærnistefnu og viðmiðum um gagnsæja og réttmæta stjórnarhætti. Stuðningur þeirra við núverandi rekstrar- og stjórnarskipan hátíðarinnar getur verið í andstöðu við þau viðmið sem stefnur um sjálfbærni og samfélagsábyrgð fela í sér. Einkum á það við kröfur til opinberra aðila um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda og félagslega sjálfbærni í tengslum við mannréttindi, starfsmannahald og vinnurétt.

Ábending 20

Leiðrétta þarf skráningu stjórnar félagsins *Alþjóðleg kvikmyndahátíð í Reykjavík ehf.* en félagið hefur ekki tilkynnt um breytingar á stjórn síðan 2006.

Ábending 21

Taka þarf stjórnarhætti félagsins föstum tókum og reka fyrirtækið í samræmi við góða stjórnarhætti. Skipa þarf stjórn, stjórnarfundir þarf að halda, rita þarf fundargerðir stjórnar þar sem fram koma ábyrgð, hlutverk og ákvarðanir. Stjórn skal taka ákvörðun um stefnu félagsins og fylgja henni eftir í starfsemi félagsins.

Ábending 22

Í samræmi við það sem tíðast á alþjóðlegum kvikmyndahátíðum þarf að skipa með formlegum hætti fullgilt alþjóðlegt fagráð um val á þeim kvikmyndum sem teknar eru til sýninga. Tryggja þarf óhæði ráðsins og sjálfstæði gagnvart öðrum stjórnendum.

Sjálfbærni: Samantekt á lykilspurningum matspáttar

Hversu langvarandi eru áhrif af starfi RIFF? Nær ávinningur af RIFF fram yfir hátíðina sjálfa?

- Á vef RIFF er birt sjálfbærnistefna hátíðarinnar. Í henni er hvorki sett fram framtíðarsýn eða stefnuáherslur, þ.e. hvaða atriði hátíðin hyggst leggja á til að auka sjálfbærni, né markmið eða aðgerðir.
- Sjálfbærni viðmið hátíðarinnar eru því hvorki sýnileg né markviss. Þetta vekur spurningar um hvort RIFF sé fært um að stuðla að sjálfbærum rekstri eða mæta sjálfbærnikröfum.
- Umhverfisleg markmið eru heldur ekki hluti af opinberri stefnu RIFF. Ekki er fylgst með umhverfislegum áhrifum hátíðarinnar, losunarbókhald er ekki haldið né önnur áhrif mæld.
- Auk ofangreindrar sjálfbærnistefnu hefur RIFF sett sér starfsmannastefnu, aðgengisstefnu og EKKO stefnu. Á heimasíðunni kemur fram að stjórnendur RIFF hafi samþykkt stefnurnar í júní 2024.
- Félagsleg sjálfbærni er afar takmörkuð þó vissulega megi sjá fáein markmið í starfsmannastefnu.
- Ástæða er til fyrir hátíðina að rýna félagslega sjálfbærni til að draga úr starfsmannaveltu, sem er mikil og tengist skorti á langtímastefnu um stjórnun mannauðs.
- Brýnt er að hátíðin bæti stjórnarhætti, tryggi faglegt starf stjórnar í samræmi við lög og reglugerðir og gagnsæi í meðferð á opinberu fé. Þá er æskilegt að vinna að siðareglum stjórnar.

Hversu vel gæti RIFF haldið áfram að vaxa og þróast án stöðugs opinbers stuðnings?

- RIFF er háð opinberum stuðningi og það er óljóst hvort hátíðin geti staðið án þeirra fjárhagslegu styrkja sem koma frá ríkinu og borginni.
- Efnahagsleg sjálfbærni RIFF er enn frekar í hættu vegna óskýrra fjármálaferla. Samkvæmt gagnrýni um fjármál RIFF hefur verið bent á greiðslur og kostnað sem tengist mögulega ekki hátíðinni, sem bendir til skorts á gagnsæi og eftirliti.
- Sjálfbærni í fjármögnun RIFF er takmörkuð og ekki hafa komið fram nýir tekjustofnar sem geta stutt við sjálfbæran vöxt. Til að vaxa og þróast þarf RIFF að skoða fjölbreyttari tekjustofna, t.d. með samstarfi við einkaaðila, auglýsingatekjur, breyttar tekjur af miðasölu eða sjálfbæra þjónustu eins og ráðgjafarþjónustu sem mögulega framtíðarauðlind.

04

Listi yfir allar ábendingar

Listi yfir ábendingar

Ábending 1

Móta skyldi framtíðarsýn og skýra stefnu RIFF til lengri tíma. Með því er upplýst hvert hátíðin stefnir og hvernig leiðin skuli vörðuð.

Skilgreina þarf tilgang, markmið, aðgerðir, markhóp og mælikvarða árangurs til að hafið sé yfir vafa hvaða árangri hátíðin nær. Þó RIFF sé minni að umfangi er margt sem nýta mætti í smækkaðri mynd úr starfsramma TIFF (sjá aftar í skýrslunni) sem um margt er til fyrirmyndar hvað varðar stefnumótun.

Ábending 2

Tækifæri eru fyrir alla hlutaðeigendur að tryggja gæði hátíðarinnar með því að tengja markmið og framkvæmd við alþjóðleg viðmið um kvikmyndahátíðir. Tækifæri felast í að gera betur t.d. með því að tengja við alþjóðleg viðmið varðandi styrkveitingar til hátíða.

Ábending 3

Mikilvægt er að setja skýrari viðmið og skilyrði í framtíðarsamninga um styrkveitingar. Leggja skal áherslu á gagnsæi og fagmennsku í rekstri, til að tryggja ábyrga ráðstöfun opinbers styrkfés.

Ábending 4

Viðmið styrkveitinga má tengja við alþjóðleg viðmið kvikmyndahátíða. Með því má skerpa á árangursviðmiðum, kröfur um ytri gæði og umgjörð o.fl. og stuðla að því að RIFF geti áfram haldið að njóta stuðnings opinberra aðila á ábyrgan hátt.

Ábending 5

Auka þarf fagmennsku RIFF gagnvart sýningarhaldi. Gera skyldi listgreininni álíka hátt undir höfði og öðrum listgreinum, með sýningum sem unnar eru af fagmennsku, við bestu mögulegu aðstæður.

Ábending 6

Samstarf við fagfélög, menntastofnanir og þau sem starfa að kvikmyndum á Íslandi er nauðsynlegt til að byggja upp þekkingu og fagmennsku sem nýtist ekki aðeins RIFF heldur öðrum aðilum kvikmyndageirans á Íslandi.

Ábending 7

Tímabært er fyrir RIFF að rýna þann fókus sem hátíðin hefur e.t.v. misst. Markviss stefnumótun getur hjálpað við að stilla kúrsinn.

Ábending 8

Samningar um styrkveitingar þurfa að innihalda skýrari árangurmarkmið sem tengjast stefnuáherslum og framtíðarsýn ráðuneytis.

Ábending 9

Eftirfylgni með uppfyllingu samningsviðmiða þarf að vera markviss og tíð af hendi styrkveitenda og upplýsingagjöf styrkþega í samræmi við kröfur samninga.

Eðlilegt er að gagnsæi og markviss upplýsingagjöf varði opinbera styrki.

Ábending 10

Mikilvægt er að RIFF þrói aðferðir til að styrkja rekstrarlega þætti hátíðarinnar, tryggja betra samstarf við styrktaraðila og auka gagnsæi til að tryggja áframhaldandi stuðning og setja henni langtíamarkmið.

Ábending 11

Vert að skoða hvort RIFF gæti nýtt sér fyrirkomulag sjálfseignarstofnunar til að styrkja rekstrarform og efla möguleika á að fá fjölbreyttari stuðning, til lengri tíma og bæði frá einkaaðilum og hinu opinbera.

Ábending 12

Bæta þarf mannauðsmál til að stuðla að aukinni fagmennsku í sýningarhaldi RIFF.

Ábending 13

Samskipti þarf að bæta innan RIFF og milli samstarfsaðila og RIFF. [REDACTED] Ágreiningurinn dregur úr áhrifum RIFF og þeim árangri sem alþjóðleg kvikmyndahátíð á Íslandi gæti náð.

Ábending 14

Samtal um menntun milli aðila gæti stuðlað að ríkulegra umhverfi nemenda í greinum kvikmynda á Íslandi. Formgera ætti samstarf RIFF við menntastofnanir til hagsbóta fyrir báða aðila en ekki síst nemendur.

Ábending 15

Sjálfbóðaliðastarf þarf að vera skýrt afmarkað skv. viðurkenndum viðmiðum þar um. Gagnlegt væri fyrir RIFF að nýta samstarfsverkefni Erasmus+ menntaáætlunarinnar til að ramma inn sjálfbóðaliðastarfið en til þess þarf að verða viðurkenndur aðili til þátttöku í slíkum verkefnum og ríkar kröfur eru gerðar til allrar umgjarðar um sjálfbóðaliða.

Ábending 16

Styrkveitendur gætu skoðað hvort hægt væri að skilyrða styrkveitingu gagnvart notkun sjálfbóðaliða og tryggja að umgjörð og utanumhald þeirra sé með viðurkenndum hætti í samræmi við t.d. Erasmus+ menntaáætlunina.

Ábending 17

Í kvikmyndastefnu stjórnvalda er áhersla lögð á aukna samlegð og samstarf þar sem opinberar fjárfestingar eru nýttar enn betur en áður. Tækifæri til samstarfs við fagfélög kvikmyndagerðarfólks eru vannýtt hjá RIFF. Þar hefur skortur á trausti og samtali við hagaðila áhrif á samstarf og möguleg samlegðaráhrif til framtíðar.

Ábending 18

RIFF stendur frammi fyrir áskorunum þegar kemur að sjálfbærni. Hátíðin hefur jákvæð áhrif á kvikmyndamenningu og ímynd Íslands, en skortir viðvarandi lausnir til að mæta sjálfbærnikröfum, sérstaklega hvað varðar efnahagslega og félagslega þætti, en einnig umhverfislega.

Ábending 19

Styrkja þarf tekjustofna félagsins til að skapa grundvöll fyrir sjálfbæran rekstur þess.

Ábending 20

Leiðréttu þarf skráningu stjórnar félagsins *Alþjóðleg kvikmyndahátíð í Reykjavík ehf.* en félagið hefur ekki tilkynnt um breytingar á stjórn síðan 2006.

Ábending 21

Taka þarf stjórnarhætti félagsins föstum tökum og reka fyrirtækið í samræmi við góða stjórnarhætti. Skipa þarf stjórn, stjórnarfundir þarf að halda, rita þarf fundargerðir stjórnar þar sem fram koma ábyrgð, hlutverk og ákvarðanir. Stjórn skal taka ákvörðun um stefnu félagsins og fylgja henni eftir í starfsemi félagsins.

Ábending 22

Í samræmi við það sem tíðast á alþjóðlegum kvikmyndahátíðum þarf að skipa með formlegum hætti fullgilt alþjóðlegt fagráð um val á þeim kvikmyndum sem teknar eru til sýninga. Tryggja þarf óhæði ráðsins og sjálfstæði gagnvart öðrum stjórnendum.

05

Gögn og heimildir

Viðtöl

Djúpviðtöl veita mikilvæga innsýn inn í viðfangsefni sem er til skoðunar. Tekin voru viðtöl við ýmsa aðila til að öðlast dýpri skilningi á umhverfi kvikmynda á Íslandi, starfsemi og árangur RIFF.

Stuðst var við viðtalsramma sem mótaður var út frá markmiðum úttekta og lykilspurningum matsramma OECD.

Viðtöl fóru ýmist fram með rafrænum hætti eða auglitis til auglitis. Viðtölin voru frá 30-90 mín. löng. Þau voru ekki tekin upp. Ekki er vitnað beint til ummæla úr viðtölum en þematískri greiningu er beitt á niðurstöður þeirra.

Viðtöl voru tekin við fulltrúa eftirfarandi aðila:

- Reykjavík International Film Festival (RIFF)
- Kvikmyndamiðstöð Íslands
- Kvikmyndaráð
- Bíó Paradís
- Íslandsstofa
- Reykjavíkurborg
- Háskóli Íslands
- Kvikmyndaskóli Íslands
- List fyrir alla

Heimildir

Vöxtur og þróun kvikmyndaiðnaðar á Íslandi

- [KFTV - Iceland attracts several high-end productions](#)
- [Íslandsstofa - Film in Iceland](#)
- [Kvikmyndamiðstöð Íslands](#)
- [Samtök iðnaðarins - Víðtæk og jákvæð áhrif kvikmyndaiðnaðarins](#)

Rekstrarform ýmissa kvikmyndahátíða

- [European Audiovisual Observatory](#)
- [Göteborg Film Festival](#)
- [Midnight Sun Film Festival](#)
- [Oslo/Fusion](#)
- [TIFF](#)
- [The Canadian Encyclopedia – TIFF](#)

Samantekt á styrkveitingum kvikmyndahátíða ESB

- [Diversity & Inclusion - EURIMAGES \(coe.int\)](#)

Gæðaviðmið

- [Festivals Request | Fiapf | International Federation of Film Producers Associations](#)

Tiff – Toronto International Film Festival

- [TIFF Strat Plan .xlsx \(ctfassets.net\)](#)

Menningarstefna

- [Menningarstefna \(stjornarradid.is\)](#)

Kvikmyndastefna til 2030

- <https://www.stjornarradid.is/library/02-Rit--skyrslur-og-skrar/Kvikmyndastefna%20til%20%c3%a1rsins%202030.pdf>

Varanlegur ávinningur af RIFF

- [Policies – RIFF 2024](#)



kpmg.com/socialmedia

Upplýsingar í skjali þessu eru almennar og er ekki ætlað að ná til aðstæðna tiltekins einstaklings eða lögaðila. Þó að við leitumst við að veita nákvæmar og tímanlegar upplýsingar er ekki um að ræða neina tryggingu fyrir því að slíkar upplýsingar séu nákvæmar á þeim degi sem tekið er við þeim eða að þær verði nákvæmar í framtíðinni. Enginn ætti að taka ákvarðanir á grundvelli slíkra upplýsinga nema leita fyrst viðeigandi ráðgjafar sem taka myndi mið af aðstæðum viðkomandi aðila.

©2024 KPMG ehf. á Íslandi er aðili að alþjóðlegu neti KPMG, samtökum sjálfstæðra fyrirtækja sem aðild eiga að KPMG International Limited, ensku félagi með takmarkaða ábyrgð. Allur réttur áskilinn.